

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartúni 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23090001

Ákvörðun nr. 1/2024

Þann 11. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 1/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu taldi rétt að taka fyrir mál [REDACTED] unglingspilts sem stöðvaður var á [REDACTED] þann 2. september 2023 að eigin frumkvæði með vísan til c. liðar 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum. Vitneskja um málið barst nefndinni í gegnum fjölmiðla.

Í frétt á Vísi.is þann 4. september 2023, kom fram að pilturinn, sem er dökkur á hörund, hér eftir kallaður A, hafi verið nýkominn í Reykjanesbæ ásamt vini sínum, sem er hvítur á hörund, hér eftir kallaður B, og verið þar á göngu þegar þeir voru stöðvaðir af lögreglu. A var tekinn afsíðis og leitað á honum m.a. með aðstoð fíkniefnaleitarhunds. Fram kom í fréttinni að honum hafi verið ýtt upp að vegg og komið harkalega fram við hann meðan vinur hans hafi sloppið. Þá kom fram að vini hans hafi verið hótað þegar hann hafi ætlað að taka upp athafnir lögreglu og hann hafi aðeins getað tekið eina mynd af atvikinu, þá sem birtist með fréttinni. Í fréttinni er haft eftir viðmælanda að þetta sé „racial profiling“ eða kynþáttamiðuð löggæsla.

Nefndin sendi Lögreglustjóranum á Suðurnesjum bréf þann 4. september sl. og óskaði eftir öllum gögnum málsins.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum sendi Nefnd um eftirlit um lögreglu öll gögn máls með bréfi dags. 12. september sl. Meðal gagna málsins eru m.a. upptökur úr þremur bókmyndavélum á vettvangi í hljóð og mynd.

Atvik máls sem hér eru til skoðunar áttu sér stað á [REDACTED]. Um er að ræða fjölmenna útisamkomu sem náði hámarki með tónleikum í miðbæ Reykjanesbæjar þann 2. september 2023 en afskiptin sem hér um ræðir áttu sér stað rétt undir lok útisamkomunnar.

Lögreglan hefur almennum skyldum að gegna til að tryggja allsherjarreglu og gæta almannaöryggis. Þetta getur falið í sér handahófskennda leit á fólki t.d. í leit að fíkniefnum og vopnum telji lögreglan tilefni til. Fyrir þessa ákveðnu útisamkomu barst lögreglu ábending um að til stæði að fremja ofbeldisverknað á hátíðinni þar sem vopn kæmu við sögu. Viðbúnaður lögreglu þetta kvöld var í samræmi við ofangreindar upplýsingar.

Við yfirferð á upptökum úr bókmyndavélum af vettvangi í hljóð og mynd virðist sem um handahófskennd afskipti hafi verið að ræða. Lögreglumenn aðskildu A og B, þeir voru báðir spurðir nafns og gerðu lögreglumenn sig líklega til að leita á þeim báðum en byrjuðu á A. Lögreglumenn voru kurteisir bæði við A og B og komu vel fram við þá báða við leit. Þá er ekki annað að sjá en að lögreglumenn hafa reynt að sýna þeim nærgætni eins og kostur var þegar hundur var látinn leita á þeim. Í lok samskiptanna var þeim þakkað fyrir.

Það er mat nefndarinnar að ekki sé tilefni til að gera athugasemdir við framkomu lögreglu á vettvangi í umrædd sinn. Nefndin bendir á að störf lögreglumanna séu margslungin. Lögreglumenn þurfa stöðugt að vera á varðbergi gagnvart náunganum til að vernda sjálfan sig og almenning en þeir þurfa þó einnig að gæta þess að sýna meðalhóf og mildi þegar þeir átta sig á að þeir eru með borgara í höndunum sem engin hætta stafar af. Eins og hér stendur sérstaklega á, með vísan til aðstæðna á útiháðinni, telur nefndin að ekki sé um atvik sem vísi til kynþáttamiðaðrar löggæslu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Eftir yfirferð nefndarinnar á fyrirliggjandi gögnum og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst þar, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. janúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21110001

Ákvörðun nr. 2/2024

Þann 25. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 2/2024

Málsatvik

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu framsendi nefnd um eftirlit með lögreglu þann 22. nóvember 2021, erindi [REDACTED], dags. 21. september 2021. Í erindinu óskaði [REDACTED] eftir upplýsingum um tilgang uppflettinga Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í LÖKE, á kennitölu hans sl. 6 ár, þar sem hann telur að óeðlileg uppfletting hafi átt sér stað á því tímabili.

Meðfylgjandi erindinu var svar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til [REDACTED] þar sem fram kemur að embættið hafi farið yfir þær uppflettingar sem áttu sér stað á umræddu tímabili og tilgang þeirra. Niðurstaða embættisins var eftirfarandi:

„[...]að ekki hafi átt sér stað ómálefnalegar uppflettingar á tilgreindri kennitölu og að þær uppflettingar samræmist hlutverki lögreglu samanber 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Falla uppflettingar á umræddri kennitölu undir uppflettingar í löggæslutilgangi sbr. lög nr. 75/2019.“

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 14. júní 2022, 3. janúar 2023 og 16. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar frá 14. júní 2022 með bréfi, dags. 11. október s.á. Í bréfinu eru skýrð sjónarmið embættisins þess efnis að umræddar uppflettingar á kennitölu kvartanda hafi verið í málefnalegum tilgangi og í samræmi við gildandi lög og reglur. Svar vegna beiðni nefndarinnar frá 1. janúar 2023 sem fól í sér beiðni um nánari upplýsingar, barst nefndinni þann 2. janúar 2024.

Nefndin sendi Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu aftur beiðni þann 16. janúar 2024 þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum. Svar embættisins barst nefndinni þann 24. janúar 2024. Nefndin telur það svar fullnægjandi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum ólögmætum uppflettingum starfsmanna lögreglu í upplýsingakerfi LÖKE.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED], þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum og skýringum embættisins á umræddum uppflettingum sem gerðar voru í LÖKE, telur nefnd um eftirlit með

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 25. janúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22080008

Ákvörðun nr. 3/2024

Þann 11. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 3/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 4. ágúst 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við rannsókn á umferðarslysi.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 13. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 16. nóvember 2023. Meðfylgjandi voru lögregluskýrslur vegna málsins ásamt upptöku úr eyewitnesskerfi lögreglubifreiðar á vettvangi. Auk þess voru ljósmyndir sem [REDACTED] tók á vettvangi og afstaða hennar til málsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að kvörtunin felur í sér athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, við rannsókn á umferðarslysi sem hún varð fyrir.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að lögreglumenn á vettvangi hafi ekki verið með bókmyndavélar í notkun í umrætt sinn. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða aðfinnsluverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. janúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23040002

Ákvörðun nr. 4/2024

Þann 11. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 4/2024

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] frá dómsmálaráðuneytinu og ríkissaksóknara þann 19. apríl sl. Í erindunum eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 6. nóvember 2022 þegar lögreglan kom að heimili [REDACTED] að kvöldi 6. nóvember 2022. Fram kemur að lögregla hafi mætt að tilefnislausu og að því er virtist í persónulegum erindagjörðum. Einnig kemur fram að treglega hafi gengið að fá upplýsingar um tilurð heimsóknarinnar, málið sjálft og framgang þess hjá embættinu. Þar sem [REDACTED] var svipt sjálfræði 1. febrúar 2023 og annar lögmaður skipaður lögráðamaður [REDACTED], lögmanni, sjálfkrafa heimild til að reka málið fyrir hönd [REDACTED] og mátti vera ljóst í hvað stemmdi þegar hann sendi kvörtunina fyrir hennar hönd. Því verður kvörtunin aðeins tekin fyrir er snýr að [REDACTED]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi þann 30. maí 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 28. ágúst 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, m.a. dagbókarfærslur lögreglu vegna málsins og upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur m.a. að meintum afskiptum af henni að ástæðulausu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindin og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Enn fremur telur nefndin starfsmenn embættisins hafa sýnt fagleg og vönduð vinnubrögð við rannsókn málsins. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 11. janúar 2024

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23050001

Ákvörðun nr. 5/2024

Þann 11. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 5/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni [REDACTED], dags. 2. maí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framgöngu starfsmanna embættisins lögreglustjórans á Suðurnesjum í tilteknu máli. Kvartandi telur að handtakan í umrætt sinn hafi verið tilefnislaus og þar með meginreglan um meðalhóf höfð að engu. Einnig eru gerðar athugasemdir við að réttindi sakbornings hafi ekki verið virt þar sem hann fékk ekki að hafa samband við samstarfsmann sinn og honum ekki gefnar neinar skýringar á því. Þá telur kvartandi lögreglu hafa tekið afstöðu til sektar hans á fyrstu mínútum rannsóknarinnar með fullyrðingu í lögregluskýrslu þar sem eftirfarandi kemur fram: „þolandi í máli þar sem hún varð fyrir ofbeldi af hálfu föður síns...“. Athugasemdir eru einnig gerðar við meintar rangar, misvísandi og ærumeiðandi upplýsingar í lögregluskýrslu þar sem m.a. er því haldið fram að kvartandi hafi verið drukkinn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 11. ágúst 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 29. ágúst 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins og þeim athugasemdum sem gerðar eru í kvörtuninni telur nefndin þær rangfærslur sem gerðar voru í skýrslum og málgögnum óheppilegar en telur þær ekki hafa haft teljandi áhrif á framgang málsins hjá embættinu. Auk þess sem embættið hefur leiðrétt þær rangfærslur sem gerðar voru og beðist afsökunar á heim.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum og framkomu starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur jafnframt að þær aðgerðir sem gripið var til hafi verið í samræmi við þær forsendur sem starfsmenn lögreglu höfðu í umrætt sinn. Lögreglu ber að taka ásakanir um heimilisofbeldi alvarlega en vissulega getur verið erfitt að meta sannleiksgildi allra ásakanna í rauntíma. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 11. janúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23030005

Ákvörðun nr. 6/2024

Þann 11. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 6/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 27. mars sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir starfsaðferðir og framkomu starfsmanna embættisins aðfarnótt 12. mars sl., þegar kvartandi var handtekinn og færður á lögreglustöð vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis. [REDACTED] gerir m.a. athugasemdir við að honum hafi verið meinað að hafa samband við aðstandendur til að upplýsa þau um handtökuna og framkomu lögreglumanns þegar hann var að undirrita upplýsingablað um réttarstöðu handtekinna manna. Einnig telur [REDACTED] þá starfshætti lögreglu að láta hann lausan að nóttu til í miklu frosti, vítavert kæruleysi.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra þann 25. maí og 28. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðnum nefndarinnar með bréfum dags. 5. júní 2023 og 9. janúar 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, myndbandsupptök úr bókmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og á lögreglustöð.

Af meðfylgjandi upptökum fær nefndin ekki séð að [REDACTED] hafi óskað eftir því að fá að hafa samband við foreldra eða vini. Einnig er ljóst að [REDACTED] fékk að klára að lesa áður nefnt upplýsingablað óáreittur þrátt fyrir ummæli lögreglumanns um að hraða lestri.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [REDACTED] og gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. janúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22110008

Ákvörðun nr. 7/2024

Þann 11. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 7/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 25. nóvember 2022. Í erindinu óskar kvartandi eftir upplýsingum um hvaða lögreglufulltrúar hafi flett upp máli hennar í LÖKE. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi grunsemdir um að óviðkomandi hafi flett upp málum sem hún er aðili að og upplýst þriðja aðila um upplýsingar sem komu fram þar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra þann 3. janúar 2023. Þá óskaði nefndin einnig eftir skýringum á tilteknum uppflettingum frá embætti lögreglustjórans á Vesturlandi þann 5. október 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Embætti ríkislögreglustjóra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. mars 2023. Meðfylgjandi var skjal með umbeðnum upplýsingum um tilteknar uppflettingar.

Embætti lögreglustjórans á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 23. nóvember 2023 þar sem meðal annars er fullyrt að þær uppflettingar sem gerðar voru hjá embættinu hafi verið gerðar í löggæslutilgangi og í tengslum við þá rannsókn og þær aðgerðir sem fram fóru varðandi leit að barni og eftirlýsingu á skráðum sakborningi og annarri nauðsynlegri vinnu við umfangsmikla rannsókn.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] ljóst að um er að ræða kvörtun vegna meintrar ólögmætrar upplýsingagjafar starfsmanna lögreglu til óviðkomandi þriðja aðila.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á Vesturlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefnd um eftirlit með lögreglu ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 11. janúar 2024
Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Grímur Sigurðarson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 26, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23050002

Ákvörðun nr. 8/2024

Þann 25. janúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 8/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 4. maí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintar óeðlilegar uppflettingar í gagnagrunni lögreglu (LÖKE) hjá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra þann 28. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Skýring embættis ríkislögreglustjóra á umræddri uppfléttingu sem gerð var af starfsmanni fjarskiptamiðstöðvar voru meðfylgjandi erindinu og er eftirfarandi:

„Viðkomandi starfsmaður var á vakt þegar uppfléttingin átti sér stað og var því við skyldustörf en eitt af hlutverkum FMR er að þjónusta lögreglumenn út á vettvangi og gefa þær upplýsingar sem óskað er eftir. Starfsmaðurinn man ekki sérstaklega eftir umræddri uppfléttingu enda tugir ef ekki hundruð sem eiga sér stað á hverri vakt, taldi starfsmaðurinn að um uppfléttingu af slíku tilefni hefði líklegast verið að ræða.“

Meðfylgjandi erindinu var einnig bréf frá embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi til kvartanda þar sem tilgangur umræddrar uppfléttingar var sagður vera vegna starfa við umferðareftirlit í Borgarbyggð.

Kvartandi heldur því fram í erindi sínu að hann hafi ekki ferðast um umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi í lengri tíma, hvað þá 18. febrúar sl., eða hafi hann nokkru sinni verið stöðvaður af lögregluþjóni við umferðareftirlit á tímabilinu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun vegna meintra ólögmætra uppfléttinga í gagnagrunni lögreglu (LÖKE).

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embætti ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Reykjavík, 25. janúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22060002

Ákvörðun nr. 9/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 9/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 15. júní 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og framkomu lögreglu þann 26. apríl 2022 þegar afskipti voru höfð af [REDACTED] fyrir utan leikskóla dóttur hans. Fram kemur að lögregla hafi meinað [REDACTED] að stíga út úr bifreið sinni en tekið við gjöf sem hann var að reyna að koma áfram til dóttur sinnar og kvaðst lögreglan ætla að afhenda henni gjöfina. [REDACTED] fór síðar um daginn á lögreglustöðina á Hverfisgötu til kanna hvort gjöfin hefði skilað sér en þá verið tjáð að ekkert væri skráð um málið í LÖKE.

Að sögn kvartanda tók nafngreind lögreglukona á móti málinu, en neitaði honum um að leggja fram skýrslu um málið. Einnig kemur fram að hún hafi ítrekað hætt við fundi þeirra og telur [REDACTED] að sú háttsemi feli í sér vísitandi mismunun af hennar hálfu og brot á réttindum hans.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 27. júní 2022.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. september 2022. Fram kom að þar sem meðferð málanna væri ekki lokið og á rannsóknarstigi taldi LRH ekki rétt að afhenda gögn málanna að svo stöddu.

Nefndin fékk afhent gögn málsins þann 22. janúar sl., ásamt yfirlýsingu frá rannsóknarlögreglumanni sem fór með rannsókn mála kvartanda hjá embættinu.

Einnig bárust nefndinni upplýsingar frá lögreglukonu sem tók við umræddri gjöf þann 26. apríl 2022. Þar kom fram að gjöfin hafi verið afhent móður barnsins en gleymst að bóka um það í LÖKE.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun vegna starfshátta starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23060001

Ákvörðun nr. 10/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 10/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED] dags. 2. júní 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglumanns hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur að nafngreindur lögreglumaður hafi villt sér heimildir í samskiptum við kvartanda þegar hann sagðist vera blaðamaður og gert kvartanda upp refsiverða háttsemi um kennistuld.

Kvartandi heldur því fram að framgangi umrædds lögreglumanns í umrætt sitt hafi verið í algjerri andstöðu við meginreglur í sakamálaréttarfari, stjórnarskrá og mannréttindarsáttmála Evrópu um rétt sakaðs manns til réttlátrar málsmeðferðar við rannsókn sakamáls.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Þann 13. júní 2023 fékk nefndin bréf frá embætti héraðssaksóknara þess efnis að embættið hefði á grundvelli 2. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 35. gr. b. lögglulaga nr. 90/1996, hafið rannsókn á málinu sem varðar ætlað brot lögreglumanns gegn 132. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með ákvörðun dags. 28. ágúst 2023 var rannsókn embættisins hætt með vísan til 4. mgr. 52. gr. sml. Sú ákvörðun var kærð til ríkissaksóknara dags. 26. september 2023 sem staðfesti ákvörðun héraðssaksóknara þann 14. desember sama ár.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum refsiverðum og/eða ámælisverðum starfsaðferðum starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust embættum héraðssaksóknara og ríkissaksóknara. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi niðurlagi í ákvörðun ríkissaksóknara telur nefnd um eftirlit með lögreglu að séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Er erindið því sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknarlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29 3, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23060003

Ákvörðun nr. 11/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 11/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED], dags. 8. júní 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar kvartandi var stöðvaður við akstur þann 6. júní 2023.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 15. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði bréfi nefndarinnar með bréfi dags. 19. október 2023. Fram kemur í bréfi embættisins að ekkert finnst skráð um umrædd afskipti, hvorki í málaskrárkerfi lögreglu eða á upptökum þennan dag.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og háttsemi starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080002

Ákvörðun nr. 12/2024

Þann 1. mars 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 12/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 19. júní 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við rannsókn á tilteknu máli og telur að starfsmenn sem fóru með málið hafi viljandi eyðilagt rannsókn þess.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 5. október 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. október 2023. Meðfylgjandi voru hljóðupptökur af skýrslutökum vegna málsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að rannsóknaraðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.


Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur hins vegar að með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [REDACTED] og eðli kvörtunarinnar að erindið falli ekki undir valdheimildir nefndarinnar með vísan til 1. kafla, þar sem erindið varðar framkvæmd rannsóknar sakamáls. Slíkt eftirlitshlutverk er í höndum ríkissaksóknara. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða


Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Erindi [REDACTED] er jafnframt framsent embætti ríkissaksóknara sbr. 3. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Reykjavík, 1. mars 2024


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29 3, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080001

Ákvörðun nr. 12/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 12/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED], dags. 19. júní 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við ákvörðun starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi um álagningu sektar á kvartanda. Fram kemur að kvartandi telur að hann hafi verið ranglega sektaðan vegna ófullnægjandi merkinga á vettvangi.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi með bréfi dags. 15. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði bréfi nefndarinnar með bréfi dags. 15. september 2023. Meðfylgjandi var skýrsla málsins ásamt upptöku úr eye-witnesskerfi lögreglubifreiðarinnar. Fram kemur m.a. í bréfinu að ágreiningslaust sé að kærði ók fram hjá umferðarmerki sem gaf til kynna að takmörkun á þeim vegkafla sem hann ók inn á væri 30 km/klst., og hann hafi er hraðamæling fór fram ekki ekið fram hjá öðru umferðarmerki sem hafi gefið til kynna að þeirri hraðatakörkun hafi verið aflétt/breytt. Lögreglustjóri telur í því tilliti rétt að áréttta hvort sem um er að ræða varanlega eða tímanlega lækkuð hraðatakörk, hvort heldur er á þjóðvegi eða öðrum vegum, gilda fyrirmæli og leiðbeiningar um umferð sem gefnar eru til kynna með umferðarmerkjum, umferðarljósum, merkingum á yfirborði vegar hljóðmerkjum eða öðrum hætti á eða við veg, en slík fyrirmæli og leiðbeiningar gilda framur almennum umferðarreglum, eins og skýrt er kveðið á um í 3. mgr. 7. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Einnig kemur fram að fyrir liggi að kvartandi játaði brot sitt á vettvangi og í samræmi við 148. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, var kvartanda í kjölfarið boðið að ljúka meðferð málsins með greiðslu sektar, sem hann gerði.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29 3, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080004

Ákvörðun nr. 14/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 14/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED], dags. 3. júlí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanns embættisins þann 30. júní sl., þegar kvartandi var sektaður fyrir umferðalagabrot. Kvartandi heldur því fram í erindi sínu að það stæði sem hann var sektaður fyrir að leggja í sé í raun almennt bílastæði en ekki bílastæði fyrir aðeins leigubifreiðar eins og lögreglumaðurinn á vettvangi hélt fram.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði bréfi nefndarinnar með bréfi dags. 4. september 2023. Meðfylgjandi voru gögn vegna afgreiðslu Bílastæðasjóðs á erindi kvartanda en kvartandi óskaði einnig eftir endurupptöku málsins hjá sjóðum. Var álagt gjald fellt niður og kvartanda sent bréf þess efnis.

Í bréfinu kemur einnig fram að er andmæli kvartanda voru tekin fyrir var það leiðrétt við viðkomandi lögreglumann að umrætt skilti átti við stæði er voru fyrir neðan skiltið.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni, þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum og þeirri afgreiðslu sem erindið fékk hjá bæði Bílastæðasjóði og embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, telur nefndin að ekki séu forsendur til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29 3, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080005

Ákvörðun nr. 15/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 15/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [REDACTED] frá embætti Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum þann 20. júlí 2023. Meðfylgjandi var kvörtun [REDACTED] dags. 11. júlí 2023 til embættisins þar sem gerðar voru athugasemdir við afskipti lögreglunnar af henni og dóttur hennar aðfarnótt 9. júlí 2023 á [REDACTED] í Vestmannaeyjum. Í erindinu heldur kvartandi því fram að brotið hafi verið á réttindum hennar með því að reka hana í burtu, ásaka hana um að stofna barni sínu í hættu og hóta henni með barnaverndarnefnd.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum sendi nefndinni gögn málsins þann 22. ágúst 2023. Meðal þeirra voru dagbókarfærsla og skýrsla lögreglu vegna afskiptanna.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Í 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga er kveðið á um heimildir lögreglu til að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að lögreglu sé m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim. Í 5. mgr. 15. gr. laganna er heimild til handa lögreglu krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

Þá hvílir einnig tilkynningarskylda á lögreglu sbr. 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 til barnaverndaryfirvalda.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23060002

Ákvörðun nr. 16/2024

Þann 14. febrúar 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 16/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 6. júní 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði af hálfu starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við framkvæmd blóðsýnatöku sem átti sér stað þann 23. maí 2022.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 23. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 7. febrúar 2024. Meðfylgjandi skýrslur lögreglu vegna málsins, upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi og upptaka af lögreglustöð.

Af upptökum er ljóst að [REDACTED] neitaði að undirrita ákvörðun lögreglustjóra um sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða sbr. 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Önnur úrræði en blóðsýnataka voru því boðin [REDACTED] áður en blóðsýnataka var framkvæmd.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [REDACTED] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Í málinu var einstaklingur handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum áfengis og blóðsýni tekið úr honum með valdi. Í 3. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 annast læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur töku blóðsýnis. Fram kemur að ökumanni sé skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. ákvæðisins og neiti ökumaður er lögreglu heimilt að beita valdi við framkvæmd rannsóknar. Í 101. gr. umferðarlaga er fjallað um sviptingu vegna ölvunar- eða vímuefnaaksturs. Í 3. mgr. 101. gr. kemur fram sjálfstæð heimild til að svipta ökumann ökuréttindum ef hann neitar að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 52. gr. umferðarlaga og skal svipting vara í eitt ár. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að þrátt fyrir að framkvæmd blóðsýnatöku hafi verið með íþyngjandi hætti voru vægari úrræði boðin [REDACTED] áður en blóðsýnataka var framkvæmd. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23050004

Ákvörðun nr. 17/2024

Þann 2. apríl 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 17/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 3. maí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættastjóra Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra og Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í tengslum við atvik sem átti sér stað í ágúst 2022 og svo starfsaðferðir lögreglu við rannsókn málsins.

Í fyrsta lagi eru gerðar athugasemdir við viðbragðstíma lögreglu en samkvæmt erindinu tók það lögreglu 25 mínútur að koma á vettvang.

Í öðru lagi eru gerðar athugasemdir við meinta ranga upplýsingagjöf til aðstandenda X í kjölfar atviksins. Einnig að langan tíma hafi tekið starfsmenn lögreglu að hafa samband við aðstandendur X eftir atburðina.

Í þriðja og fjórða lagi eru gerðar athugasemdir við rannsóknaraðferðir lögreglu. Annars vegar þann 27. júlí 2022 þegar afskipti voru höfð af X af starfsmönnum Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og hins vegar eru gerðar athugasemdir við meintar leiðandi spurningar starfsmanns Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, við skýrslutöku þann 7. febrúar 2023.

Tekið skal fram að þeir hlutar kvörtunarinnar sem lúta að rannsóknaraðferðum embættanna falla ekki undir valdsvið nefndarinnar, sbr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 19/1996 og afmarkast því ákvörðun nefndarinnar aðeins við þá hluta erindisins sem fela í sér kvörtun yfir framkomu og starfsaðferðum embættanna við meðferð málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 23. ágúst 2023 og frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra með bréfi dags. 24. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. september 2023. Meðfylgjandi voru m.a. endurrit símtala við Neyðarlínuna(NL) og Fjarskiptamiðstöð lögreglu(FMR) og greinargerð vegna samskipta NL og FMR og samskipta FMR og útkallslögreglu.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. febrúar 2024. Meðfylgjandi var m.a. dagbókarfærsla vegna útkallsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum embætta Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra en einnig eru gerðar athugasemdir við rannsóknaraðferðir embættanna.

5.

Viðbragðstími lögreglu.

Í kvörtuninni eru gerðar athugasemdir við lengd viðbragðstíma Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Í gögnum málsins kemur fram að fyrsta símtalið til Neyðarlínunnar (NL) [REDACTED] Áður en NL nær að færa símtalið yfir á Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) slitnar símtalið. Reynt var að hringja aftur í tilkynnanda í tvígang en án árangurs kl. 5:30 og 5:31. Síðan líður mínúta meðan FMR og NL eru að meta sannleiksgildi símtalsins. Klukkan 5:32:44 var ekki búið að ræsa út viðbragsaðila.

Klukkan 5:33:05 er aftur hringt í NL [REDACTED] en annar tilkynnandi þar sem óskað er eftir aðstoð. Símtalið varir í 2:22 mínútur. Á 22. sekúndu í símtalinu segist neyðarvörður vera að senda aðstoð og á mínútu 1:21 tilkynnir neyðarvörður að búið sé að boða sjúkrabifreið og lögreglu á mesta forgangi. Klukkan er þá 5:34.

Í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra er ekki sólarhringsvakt. Fyrsta bakvakt var ræst út klukkan 5:34 og önnur bakvakt kl. 05:35. Ekki verður greint frá útkallsfyrirkomulagi sérsveitar.

Af framansögðu sést að það liðu 7 mínútur frá því að fyrsta hringing barst NL frá því að bakvakt lögreglu var boðuð út. Fyrsta lögreglubifreiðin mætir á staðinn klukkan 5:52. Þannig er lögreglan mætt á staðinn 25 mínútum eftir að fyrsta símtalið barst NL en aðeins 17-18 mínútum eftir að bakvakt lögreglu og rannsóknarlögreglu eru ræstir út. Þannig gefur fréttatilkynning Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á Facebook þann 10. febrúar 2023 villandi mynd af viðbragðstíma lögreglu en þar kemur fram að viðbragðstími hafi verið 26 mínútur.

Nefnd um eftirlit með lögreglu gerir ekki athugasemdir við viðbragðstíma lögreglunnar á Norðurlandi vestra í málinu. Nefndin telur að hann megi ekki rekja til starfshátta starfsmanna lögreglu í umrætt sinn.

6.

Röng upplýsingagjöf.

Í erindinu til nefndarinnar er einnig kvartað undan rangri upplýsingagjöf til aðstandenda X og að langan tíma hafi tekið að hafa upp á aðstandendum X. Þá kemur fram að kvartanda hafi ekki verið boðin aðstoð. Í bréfi lögreglustjóra til nefndarinnar eru aðstæður útskýrðar og aðfinnslur hraktar með málefnalegum hætti. Nefndin gerir ekki athugasemdir við störf lögreglustjóra hvað þennan lið varðar.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

7.

Rannsókn lögreglu.

Í bréfi kvartanda eru gerðar athugasemdir við það að atvik sem átti sér stað þann 27. júlí sama ár hafi ekki verið rannsakað af Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra og við rannsókn sakamálsins sjálfs hjá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Gerðar eru athugasemdir við annars vegar við skort á rannsókn og hins vegar við leiðandi spurningar. Nefndin bendir á þau atriði sem kvartað er undan fellur undir eftirlit ríkissaksóknara sem fer með rannsókn sakamála. Er þessum lið því vísað frá nefnd um eftirlit með störfum lögreglu.

8.


Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða


Ekki er tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED] varðandi viðbragðstíma og meintrar rangrar upplýsingagjafar lögreglu.

Erindi [REDACTED] er að hluta framsent embætti ríkissaksóknara sbr. 3. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, hvað varðar rannsókn lögreglu.

Reykjavík, 2. apríl 2024


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080009

Ákvörðun nr. 18/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 18/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá foreldrum [REDACTED] dags. 25. júlí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar [REDACTED] var stöðvuð af lögreglu vegna meints umferðalagabrots þann 21. júlí 2023. Fram kemur í erindinu að láðst hafi að tilkynna foreldrum um atvikið þegar það átti sér þar sem lögreglumönnum á vettvangi sást yfir ungun aldur [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 16. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 21. ágúst 2023. Meðfylgjandi voru skýrsla og dagbókarfærsla vegna málsins. Upptaka úr eyewitness-kerfi lögreglubifreiðarinnar á vettvangi barst nefndinni þann 28. maí sl.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Bendir nefndin á að fram komi í gögnum kvartanda að lögreglumenn hafi verið kurteisir. Nefndin telur hins vegar afar óheppilegt, sérstaklega þar sem stúlkan glímur við fötlun, að aldur dóttur kvartanda hafi farið fram hjá lögreglumönnum á vettvangi sem leiddi til þess að foreldrar voru ekki upplýstir um atvikið fyrr en lögregluskýrsla var gerð vegna málsins um tveimur klukkustundum síðar. Nefndin bendir á að um mannleg mistök hafi verið að ræða sem leiðrétt voru skömmu síðar og telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100008

Ákvörðun nr. 19/2024

Þann 4. september 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 19/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 6. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum. Fram kemur m.a. í erindinu að kvartandi, sem er dökkur á hörund, hafi verið handtekinn þann 5. ágúst 2023 á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Lögreglumenn hafi gengið inn í tjaldið og tekið hann föstu hálstaki án þess að hafa gert vart við sig fyrst og tekið samtímis hendur hans og þvingað þær aftur fyrir bak. Var hann næst dregin út úr tjaldinu með grófum hætti og tekinn aftur fyrir tjaldið. Á meðan lögreglumennirnir ræddu við hann fóru þeir með hann með miklu virðingarleysi og meðhöndluðu hann sem sakamann. Framkvæmd var á honum líkamsleit enda munu þeir hafa leitað að manni sem var vopnaður hnífi. Enginn hnífur fannst og var hann látinn laus eftir um það bil 10 mínútur.

Þá er sérstök athygli vakin á því í erindinu að húðlitur kvartanda er talin hafa verið ástæðan fyrir því að hann sætti handtöku og líkamsleitar og var sviptur frelsi sínu og friðhelgi að ósekju.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum þann 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði beiðni nefndarinnar þann 12. janúar 2024. Meðfylgjandi voru dagbókarfærsla vegna málsins, tölvupóstsamskipti embættisins við lögmann kvartanda og bréf embættisins til ríkislögmans.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og starfsháttum starfsmanna embættis Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn sem bárust frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum. Nefndin telur óheppilegt að engar upptökur úr bókmyndavélum séu til vegna framangreindra afskipta. Nefndin bendir hins vegar á að lögreglu ber skylda til að gæta almannaöryggis. Fram kemur í gögnum málsins að lögreglan hafði fengið upplýsingar um aðila, dökka á hörund, sem væru vopnaðir hnífum í tilteknu tjaldi þar sem margt fólk hafði safnast fyrir en kvartandi er jafnframt dökku á hörund. Lögreglu bar því lagaskylda til að bregðast við til verndar borgurum enda er vopnaburður á almannaferi bannaður. Því er það mat nefndarinnar að ekki séu uppi vísbendingar um kynþáttamiðaða löggæslu. Lögreglu bar hins vegar að skrá frelsissviptinguna í málaskrá

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

embættisins. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 4. september 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22090008

Ákvörðun nr. 20/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 20/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 27. september 2022. Í erindinu voru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku kvartanda aðfaranótt 25. september 2022. Meðfylgjandi erindinu voru ljósmyndir af líkamlegum áverkum kvartanda sem hann kvaðst hafa hlotið í umrætt sinn.

Með ákvörðun nefndarinnar nr. 12/2023, dags. 17. mars 2023 taldi nefndin afar óheppilegt að ekki væru til staðar upptökur af atvikinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [REDACTED] og þeim takmörkuðu gögnum sem til voru um atvikið taldi nefndin óhjákvæmilegt að vísa erindinu til þóknanlegrar meðferðar hjá embætti héraðssaksóknara.

Með bréfi dags. 31. ágúst 2023 tilkynnti embætti héraðssaksóknara nefndinni að með vísan til 5. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996 og 7. gr. reglna nr. 222/2017 um nefnd um eftirlit með lögreglu að rannsókn málsins, sem varðaði kæru á hendur starfsmönnum lögreglu, hefði verið hætt. Þá var athygli nefndarinnar vakin á að hlutaðeigandi lögreglumenn hafi ekki gert lögregluskýrslu um atvik sem virðist hafa falið í sér valdbeitingu og handtöku þar sem aðili var fluttur á lögreglustöð.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli

lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögsmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur því tilefni til að taka málið fyrir að nýju vegna ábendingar héraðssaksóknara og gerir athugasemdir við að enginn skýrsla hafi verið gerð vegna málsins og IV. kafla reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., hafi ekki verið fylgt við meðferð málsins hjá embættinu. Nefndin tekur fram að í 2. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. kemur fram að lögregla skuli skrá í frumskýrslu lögreglu í stuttu máli upplýsingar um handtöku, tilefni hennar og framkvæmd, hvenær handtakan fór fram, hver framkvæmdi líkamsleit ef því er að skipta og upplýsingar um hvar handtekinn maður var vistaður ef um slíkt var að ræða. Í 3. mgr. 20. gr. sömu reglugerðar kemur fram að allar skýrslur sem lögregla skrifar um handtöku og vistun handtekings manns skulu bera númer þess máls sem var forsenda handtökunnar. Skýrslurnar skulu vera á stöðluðu formi samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra. Fyrir liggur í málinu að [REDACTED] hafi verið handtekinn, virðist hafa verið beittur valdi og færður niður á lögreglustöð. Hann var hins vegar ekki vistaður í fangaklefa og fékk að fara sína leið eftir samtali á lögreglustöð. Engin skýrsla var skrifuð um málið á staðlað skýrsluform ríkislögreglustjóra heldur var skráð um málið í dagbók lögreglu. Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Lögreglumönnum hafi borið í umrædd sinn að skrifa skýrslu um málið líkt og kveðið er á um í fyrrnefndri reglugerð. Nefndin bendir á að samkvæmt ákvæðum 3. kafla laga nr. 90/1996 ber lögreglu að sýna árverkni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir. Þá skal lögregla rækja störf sín af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttsýni. Með vísan til framangreinds telur nefndin því tilefni til að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

senda erindið til þóknanlegrar meðferðar hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða

Erindið sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080006

Ákvörðun nr. 21/2024

Þann 1. mars 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 21/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 29. júní 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint athafnaleysi embættis Lögreglustjórans á Austurlandi vegna beiðni kvartanda til embættisins um smölun á ágangsfénaði.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Austurlandi með bréfi dags. 16. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar þann 21. ágúst 2023. Meðfylgjandi voru

Af gögnum málsins liggur fyrir að þann 4. júlí 2023 kærði kvartandi til dómsmálaráðuneytisins, ákvörðun lögreglustjórans á Austurlandi um að synja beiðni hans um að smala búfé af landi hans, sbr. 33. gr. laga nr. 6/1986. Þann [REDACTED] úrskurðaði ráðuneytið í málinu og staðfesti ákvörðun Lögreglustjórans á Austurlandi. Fram kemur m.a. í úrskurðinum að:

„Telji sveitastjórnin að það séu ekki til staðar skilyrði til að láta smölun fara fram þá sætir sú ákvörðun ekki endurskoðun lögreglustjóra.“

og einnig:

„Þegar hin kærða ákvörðun var tekin liggur fyrir að málið var enn til meðferðar hjá sveitastjórn, sem vísað hafði því til fjallaskilanefndar. Því ber að fallast á það með lögreglustjóra að ekkert liggi fyrir um að sveitastjórn hafi vanrækt skyldur sínar, sbr. áskilnaður 2. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986. Þar sem vanræksla sveitastjórnar er forsenda þess að lögreglustjóri geti látið málið til sín taka, telur ráðuneytið rétt að staðfesta hina kærðu ákvörðun.“

Meðfylgjandi var einnig bréf lögreglustjóra dags. 18. ágúst 2023 til lögmanns kvartanda þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi gögnum og þar á meðal úrskurði dómsmálaráðuneytisins er það hlutverk sveitarfélaganna og þá í þessu tilfalli [REDACTED] að sinna smölun ágangsfjár í umdæmi sínu og ekki reynir á aðkomu lögreglustjóra nema að það hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. sömu lögum. Að mati lögreglustjóra er sveitarfélagið að sinna skyldum sínum skv. fyrirbyggjandi gögnum og hafnar hann því að smala. Afstaða lögreglustjóra er því óbreytt.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu og meðfylgjandi gögnum er ljóst að kvörtunin lýtur að meintu athafnaleysi embættis Lögreglustjórans á Austurlandi eystra vegna beiðni kvartanda um smölun á ágangsfé.


Með vísan til 1. kafla fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða ákvarðanir lögreglu heldur skoðar nefndin m.a. hvort aðkoma lögreglu að málum sé í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir fari að öðru leyti út fyrir það sem eðlilegt er í því tilviki.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 1. mars 2024


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080008

Ákvörðun nr. 22/2024

Þann 1. mars 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 22/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 24. júlí 2023. Í erindinu eru athugasemdir við meinta vanrækslu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á skráningu á tilkynningu vegna atviks sem að kvartandi tilkynnti til lögreglu og einnig athugasemdir við meinta vanrækslu embættisins á rannsókn málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 30. ágúst 2023. Einnig var óskað eftir upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 12. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 4. september 2023. Eftirfarandi kemur m.a. í bréfinu:

„Erindi [REDACTED] ber með sér að hann hafi hringt í símanúmer LRH 444 1000 eftir lokun þjónustuborðs þriðjudaginn 4. júlí sl. Eftir kl. 16 á virkum dögum og um helgar eru símtöl sem berast flutt til neyðarlínu, 112. Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á Fjarskiptamiðstöð. LRH getur ekki veitt upplýsingar um símtalið.“

Í samskiptum við starfsfólk LRH kom í ljós að tilkynning [REDACTED] hafði ekki verið skráð, að það sé erfitt að eltast við mál af þessum toga eftir á og að best sé að hringja beint í 112 þegar atvikið hefur átt sér stað þá sé mögulega hægt að grípa inn í. [REDACTED] var einnig leiðbeint um að hann gæti lagt fram formlega kæru í málinu. Erindi hans var þó skráð að hans beiðni þann 25. júlí. Tilkynningin var ekki send í rannsókn þar sem langt var um liðið og ekki ljóst hvert brotið var.“

Embætti Ríkislögreglustjóra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. febrúar 2024. Þar kemur eftirfarandi fram:

„Viðkomandi hringdi ekki í 112 heldur í almennt símanúmer LRH, 444-1000. En þar sem hann hringir utan almenns afgreiðslutíma flyst símtalið til 112 skv. samningi þar um milli LRH og 112. Neyðarvörður tekur við símtalinu og tekur niður upplýsingar frá viðkomandi og sendir svo upplýsingarnar yfir til FMR. Símtalið sem slíkt kemur aldrei yfir til FMR. Þær upplýsingar sem viðkomandi gefur í símtalinu er að þarna sé um að ræða bifreiðina [REDACTED]. Aðspurður um hvernig bíll það væri sagði hann að um væri að ræða almennan einkabíl. Þess ber að geta að skv. framburði viðkomandi liðu 15. mín frá atburðinum þar til hann tilkynnti um hann. Verkefnið kom yfir til FMR á verkefnalista með upplýsingum frá neyðarverði. Við skoðun á því kom í ljós að það er engin bifreið skráð með skráninganúmer [REDACTED] og litlar upplýsingar að byggja á frá tilkynnanda. Ekkert var því aðhafst í málinu.“

Miðað við framangreint er ljóst að rangt skráningarnúmer var annað hvort gefið upp eða ritað niður þegar kvartandi tilkynnti atvikið upphaflega.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og embætti Ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Þá telur nefndin einnig að embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafi leiðbeint kvartanda með fullnægjandi hætti og telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.


Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 1. mars 2024


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080011

Ákvörðun nr. 23/2024

Þann 1. mars 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 23/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] þann 5. ágúst 2023. Kvartandi heldur því m.a. fram í erindi sínu að hann sé ofsóttur af hálfu starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einnig að rafrænt eftirlit sé haft með honum og átt sé við raftæki hans sem leiði m.a. til þess að gögn hverfi úr þeim og orð breytist þegar hann ritar þau.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.


Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 1. mars 2024


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartúni 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010006

Ákvörðun nr. 24/2024

Þann 1. mars 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 24/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu taldi rétt að taka fyrir mál manns, hér eftir kallaður X, sem var til umfjöllunar í fjölmiðlum þann 24. desember 2023, að eigin frumkvæði með vísan til c. liðar 35. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 með síðari breytingum. Vitneskja um málið barst nefndinni í gegnum fjölmiðla.

Í frétt á Vísi.is þann 26. desember 2023, sem bar fyrirsögnina: „Handtekinn á aðfangadagskvöld fyrir það eitt að vera svartur“, er eftirfarandi m.a. haft eftir móður manns sem afskipti voru höfð af:

„Á aðfangadag var [REDACTED] að koma úr vinnu í vesturbænum og ætlaði að ganga upp á Hlemm til að ná síðasta strætó heim. Þá kom lögreglubíll upp að honum og þau spurðu hann um skilríki. Hann hafði óvart gleymt veskinu heima og var ekki með neitt á sér. Þau sögðu að það væri ólöglegt að ganga um skilríkjalaus og þau gætu handtekið hann fyrir það.“

Nefndinni barst beiðni frá lögreglumanni dags. 28. desember 2023 um að málið yrði tekið fyrir sem frumkvæðismál hjá nefndinni, sem taldi ríka ástæðu til að rannsaka jafn alvarlegar aðfinnslur við störf lögreglu og gerðar voru af hálfu fjölskyldu kvartanda í þessu máli.

Nefndinni barst einnig erindi dags. 3. janúar 2024 frá lögmanni [REDACTED] þar sem var óskað eftir því að nefndin tæki atvikið til skoðunar.

Nefndin sendi Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu bréf þann 11. janúar sl. og óskaði eftir öllum gögnum málsins.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 5. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi og upptökur úr eftirlitsmyndarvélum frá lögreglustöðinni að Hverfisgötu.

Við yfirferð á meðfylgjandi upptökum kemur fram að afskipti lögreglu af X hafi til komið vegna tilkynningar frá borgara vegna sofandi einstaklings í gagnsettri bifreið í Reykjavík. Þegar lögreglumenn óska eftir upplýsingum um nafn og kennitölu virðist X eiga í erfiðleikum með að gefa upp réttar upplýsingar en X gefur t.a.m. upp rangt fæðingarár í tvígang sem að öllum líkindum veldur því að hann finnst ekki í kerfum lögreglu. Ákveðið var að aka honum til síns heima og óska eftir að hann framvísi skilríkjum. X virðist ekki geta gefið lögreglu upp heimilisfang sitt og því tekur lögreglan ákvörðun um að aka honum á lögreglustöð til að afla frekari upplýsinga.

Lögreglumenn voru kurteisir á vettvangi og reyndu ítrekað að aðstoða X við að auðkenna sig með ýmsum leiðum. Þá er einnig ljóst af upptöku úr búkmyndavél að bifreiðin var ekki hulin snjó eins og fram kemur í erindi frá X og því ekki ljóst að henni hefði ekki verið ekið eins og haldið er fram í erindinu.

Þegar á lögreglustöð er komið virðist X neita frekari samvinnu og er hann því settur í klefa þangað til að frekari upplýsingar um auðkenni hans koma fram.

Það er mat nefndarinnar að ekkert tilefni sé til að gera athugasemdir við framkomu lögreglu við þær aðstæður sem lýst er hér að ofan, þvert á móti sinni lögregla starfi sínu af

fagmennsku. Eins og hér stendur sérstaklega á, með vísan til aðstæðna, telur nefndin að ekki sé um atvik sem vísi til kynþáttamiðaðrar löggæslu.

Nefndin telur hins vegar tilefni til að gera athugasemdir við vistun X í fangaklefa lögreglu. Af upptökum að dæma hringir X bjöllu í klefa sínum kl. 14.40 án þess að brugðist sé við hringingunni. Nefndin bendir á að einstaklingar sem lokaðir eru inni í fangaklefa lögreglu geta verið í allskonar ástandi og því þarf að vera nægilegur mannskapur til staðar svo hægt sé að bregðast við aðstoðarbeiðnum úr klefa. Það er mat nefndarinnar að svör Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem send voru nefndinni hafi verið ófullnægjandi. Ekki er hægt að ganga út frá því án þess að bregðast við aðstoðarbeiðni eða fylgjast með myndefni úr fangaklefa í rauntíma að ekki sé um alvarlegt atvik að ræða. Er það því mat nefndarinnar að aðstæður við eftirlit með vistuðum einstaklingi í fangaklefa séu aðfinnsluverðar.

Þá óskaði nefndin eftir svörum við því hvers vegna það væru eyður eða gloppur í upptökum í fangaklefa og frá fangagangi á tilteknu tímabili þegar það var greinileg hreyfing og verið væri að ræða við fangann. Ekki komu fram fullnægjandi skýringar af hálfu Lögreglustjórans í höfuðborgarsvæðinu á eyðum í upptökum.

Þá óskaði nefndin eftir upptökum úr búkmyndavélum og upptökubúnaði úr lögreglubifreið þeirri sem X var ekið heim í. Samkvæmt upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu var slökkt á öllum myndavélum. Nefndin telur það aðfinnsluvert og áréttar mikilvægi notkunar upptökubúnaðar lögreglu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Eftir yfirferð nefndarinnar á fyrirliggjandi gögnum og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst þar, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins en telur tilefni til að senda ábendingar til OPCAT eftirlits Umboðsmanns Alþingis vegna fangageymslu lögreglu á Hverfisgötu.

Niðurstaða

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna málsins.

Aðfinnslur vegna aðstæðna á fangagangi lögreglustöðvarinnar á Hverfisgötu eru sendar til Umboðsmanns Alþingis til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 1. mars 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080010

Ákvörðun nr. 25/2024

Þann 2. apríl 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 25/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni samtakanna [REDACTED] [REDACTED] dags. 25. júlí 2023 vegna ummæla sem viðhöfð voru um samtökin í fjölmiðlum af hálfu yfirlögregluþjóns embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framgöngu yfirlögregluþjónsins í fjölmiðlum vegna málsins. Fram kemur að kvartendur telji hana með öllu óásættanlega, á skjön við siðareglur, í ósamræmi við sannleikann og gögn málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi með bréfi dags. 16. ágúst 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. nóvember 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins. Þá kemur m.a. fram í bréfinu:

„Hvað varðar athugasemdir kvartenda við ummæli og framgöngu yfirlögregluþjóns í fjölmiðlum þá voru aðstæður þannig að kvartendur höfnuðu afhendingu ákveðinna gagna sem lögregla óskaði eftir við rannsókn málsins. Ekki verður því séð að ummæli yfirlögregluþjónsins hafi verið á skjön við siðareglur eða í ósamræmi við sannleikann eins og gögn málsins bera með sér.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurlandi.


Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.


NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 2. apríl 2024


Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður


Kristín Edwald


Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080015

Ákvörðun nr. 26/2024

Þann 2. apríl 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 26/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED] dags. 15. ágúst 2023. Í erindinu gerir kvartandi athugasemdir við meintar hótanir í hans garð í gegnum síma þann 9. ágúst sl., af hálfu nafngreinds starfsmanns embættis Ríkislögreglustjóra. Eftirfarandi kemur fram í erindinu:

"[...] hóta mér því að hann gæti alveg túlkað mín orð á Facebook sem glæpsamlegt athæfi á Íslandi!".

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 5. október 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Embætti ríkislögreglustjóra svaraði nefndinni með bréfi dags. 18. október 2023. Meðfylgjandi voru skýringar embættisins á nefndu símtali ásamt dagbókafærslu vegna atviksins.

Í gögnum málsins og skýringum embættisins kemur fram að símtalið hafi komið til vegna tilkynningu sem greiningardeildar ríkislögreglustjóra barst vegna kvartanda. En hlutverki greiningardeildar ríkislögreglustjóra er lýst í b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga og 25. gr. reglugerðar nr. 325/2021 um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum hótunum af hálfu starfsmanns Ríkislögreglustjóra.


Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embætti Ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Niðurstaða


Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 2. apríl 2024



Skúli Þór Gunnsteinsson

formaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: nel@nel.is

Tilv.: 23080016

Ákvörðun nr. 27/2024

Þann 2. apríl 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 27/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED] dags. 23. ágúst 2023. Í erindinu eru meðal annars gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 29. júlí 2023 þegar framkvæmd var húsleit á heimili hans, án heimildar og að honum fjarstöddum.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 4. september 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 7. september 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna við húsleit ásamt upptöku af skýrslutöku á kvartanda.

Fram kemur í svari lögreglu og gögn málsins sýna einnig fram á að sú húsleit sem gerð var þann 28. júlí 2023 að [REDACTED] kom til vegna ástæðna ótengdum kvartanda og ekki var farið inn í íbúð hans. Nefndin fær ekki séð að starfsmenn embættisins hafi sýnt af sér ógnandi tilburði við framkvæmd umræddrar húsleitar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.


Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintri ólögmætri húsleit á heimili hans af hálfu starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 2. apríl 2024



Skúli Þór Gunnsteinsson

formaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080017

Ákvörðun nr. 28/2024

Þann 2. apríl 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 28/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED] dags. 16. ágúst 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi við framkvæmd sjálfvirkra hraðamyndatöku. Kvartandi heldur því fram í erindinu að ósamræmi sé á milli tveggja mynda sem teknar voru af bifreið kvartanda með sjálfvirkum hraðamyndavélum vegna meintra brota hennar á umferðarlögum. En um sitthvort atvikið er að ræða og var vettvangurinn ekki sá sami.

Þá heldur kvartandi því fram að ólöglega hafi verið staðið að framkvæmd mælingarinnar vegna meints brots hennar þann 18. febrúar 2021 ásamt því að henni hafi verið meinað að fá óunna mynd úr hraðamyndavélinni afhenta frá embættinu.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi með bréfi dags. 4. september 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vesturlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 12. september 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að kvartandi hafi fengið afrit af rafrænni hraðamælingu og að mælingin hafi verið í samræmi við gildandi lög og reglur þar að lútandi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá liða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum ólögmætum starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi við framkvæmd sjálfvirkra hraðamælinga.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED]

Reykjavík, 2. apríl 2024



Skúli Þór Gunnsteinsson

formaður



Kristín Edwald



Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080014

Ákvörðun nr. 29/2024

Þann 24. maí 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 29/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] í dags. 24. ágúst 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og meint harðræði við handtöku sem átti sér stað á tímabilinu 18. - 20. ágúst 2023 að [REDACTED] heldur því fram að ruðst hafi verið inn á heimili hans að ástæðulausu, hurðinni sparkað upp, hann hafi verið beittur harðræði og nauðsynleg lyf gerð upptæk. Einnig kemur fram að hann hafi verið í haldi í 20 klst. og ekki fengið vatn eða nauðsynleg lyf á meðan vistun hans stóð.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 4. september 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 18. október 2023. Meðfylgjandi voru gögn máls, upptökur úr búkmyndavél á vettvangi og afrit af skýrslum máls.

Eftir yfirferð á meðfylgjandi upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi telur nefndin að lögreglumenn hafi sýnt fagleg vinnubrögð. Þá telur nefndin engar vísbendingar framkomnar um þær aðfinnslur sem gerðar eru í erindi kvartanda um meint harðræði við handtöku og afskipti af ástæðulausu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólöglega háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtökur og starfsaðferða starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embættinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna afskipta lögreglumanna af kvartanda á vettvangi að öðru leyti en að lögreglumenn voru ekki með kveikt á búkmyndavélum í seinni handtökunni.

Nefndin bendir hins vegar á að erindi kvartanda barst nefndinni 24. ágúst 2023 vegna atvika sem áttu sér stað þann 19. ágúst 2023. Bréf var sent til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 4. september 2023. Í bréfi nefndarinnar kom fram að kvartandi kvarti undan því að hafa verið í haldi lögreglu í 20 klst. og hvorki fengið vatn né nauðsynleg lyf á meðan vistun hans stóð. Í bréfi nefndarinnar til lögreglunnar er óskað eftir því að lögreglan léti í té allar

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

upplýsingar og gögn er vörðuðu fyrrnefnd afskipti ásamt upptökum úr bókmyndavélum lögreglumanna og eyewitnesskerfi lögreglubifreiðar. Bréf nefndarinnar er tiltölulega staðlað og skýrt hvers óskað er. Í bréfinu eru upptök úr fangaklefum lögreglu ekki sérstaklega nefndar en ljóst er að vegna umkvörtunarefnisins að þörf hafi verið á þeim upptökum. Lögreglan bað um frest til að afhenda gögn málsins þar sem það átti eftir að taka ákvörðun um afhendingu gagna til nefndarinnar vegna rannsóknarhagsmuna. Nefndin bendir á að lögreglu sé skylt að afhenda nefndinni gögn biðji hún um þau á lögmætum forsendum. Á meðan lögreglan var að ákveða hvort hún myndi afhenda nefndinni gögn, eyddust upptök úr fangageymslum lögreglu. Upptökurnar voru m.ö.o. ekki tryggðar og því fékk eftirlitsnefndin umbeðnar upptök. Nefndin telur þetta ámælisvert og er þetta ekki í fyrsta skipti sem myndefni úr fangaklefa lögreglu skortir. Nefndin telur því rétt að vekja athygli Umboðsmanns Alþingis sem fer með OPCAT eftirlit á málinu. Nefndin telur að öðru leyti ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [REDACTED].

Erindi [REDACTED] vegna vistunar í fangaklefa er sent til Umboðsmanns Alþingis til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 24. maí 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22090003

Ákvörðun nr. 30/2024

Þann 24. maí 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 30/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] f.h. ólögráða sona þeirra, dags. 3. janúar 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Ríkislögreglustjóra í tengslum við atvik sem átti sér stað í september 2022 á heimili þeirra.

Í erindi sínu til nefndarinnar eru gerðar fjölmargar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna ríkislögreglustjóra. Taka má athugasemdir þessar saman á þann hátt að kvartendur telji að starfsmennirnir hafi ekki gætt meðalhófs við aðgerðir sínar og ekki gætt nægilegra varkárni við meðferð skotvopna.

Í erindinu eru jafnframt gerðar athugasemdir við meinta ólöglega húsleit sem framkvæmd var á vettvangi.

Loks er bent á í erindi til nefndarinnar að viðurkennt hafi verið af hálfu yfirmanns hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, sem var á vettvangi, að um vandræðaleg mistök hafi verið að ræða sem þeir viðhöfðu á heimilinu. Þá benti hann kvartendum á að tilkynna málið til nefndarinnar ásamt því að leita réttar síns til bóta eftir aðgerðir lögreglu og sérsveitar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og embætti Ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 19. september 2022 en málið var í fyrstu tekið upp að eigin frumkvæði nefndarinnar. Í millitíðinni barst formleg kvörtun frá aðilum máls en kvörtunin var framsend frá embætti Ríkislögreglustjóra. Þá kærðu aðilar máls tiltekna lögreglumenn ríkislögreglustjóra til héraðssaksóknara og gerði nefndin þá hlé á meðferð málsins meðan héraðssaksóknari hafði málið til meðferðar. Héraðssaksóknari lauk máli sínu með bréfi, dags. 28. desember 2023 þar sem rannsókn málsins var hætt.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 18. nóvember 2023. Meðfylgjandi voru m.a. skýrslur og dagbókarfærslur.

Embætti Ríkislögreglustjóra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 9. desember 2022. Meðfylgjandi voru m.a. upptökur af fjarskiptum, símtölum og upptökur úr búkmyndavél og úr lögreglubifreið.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Í máli þessu er málavöxtum lýst ítarlega í gögnum málsins og hefur nefndin gögn sem gefa góða yfirsýn yfir málið bæði í hljóð og mynd. Í september 2022 var hringt í 112 og var viðkomandi gefið samband við Fjarskiptamiðstöð Ríkislögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. Tilkynnandi tilkynnti þar um mann á gangi með [REDACTED] sem miðaði í allar áttir. Athuga ber að

ekki var tilkynnt um barn eða ungling heldur mann og tilkynnandi var sérstaklega spurður um það hvers konar vopn væri um að ræða. Ítrekaði tilkynnandi að um [REDACTED] væri að ræða. Síðar í samtalinu kemur fram hjá tilkynnanda að [REDACTED] væri líklega margra skota. Tilkynningin var tekin alvarlega og var haldið símasambandi við tilkynnanda þó það hafi verið slitrótt en hann treysti sér ekki nálægt hinum meinta byssumanni og hélt sig í hæfilegri fjarlægð. Sérsvait var kölluð út og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hóf feril vegna vopnaðs útkalls í samvinnu við sérsvait ríkislögreglustjóra auk þess sem lögreglubifreið var send á leið til tilkynnandans. Þegar sérsvaitarbifreið átti skammastund eftir á vettvang var þeim tilkynnt að hinn meinti byssumaður hafi farið inn í tiltekið hús, sagt var að hann byggi þar, og að líklega væri um [REDACTED] að ræða. Í kjölfarið var sérsvaitarbifreiðinni tilkynnt að í húsinu sem hinn meinti byssumaður var talinn hafa farið inn í væri húsráðandi skráður fyrir tilteknu skotvopni. Sérsvaitarmaðurinn svarar og segir að það vopn gæti litið út sem riffill. Engin frekari staðfesting kom til sérsvaitarmanna að skotvopnin væri [REDACTED]. Því virðist hafa verið unnið út frá því að um virkt skotvopn hafi verið að ræða.

Þegar sérsvaitarbifreiðin mætti á vettvang var henni lagt á götunni ská fyrir framan húsið þannig að myndavél ökutækisins náði hluta af vettvangnum á upptöku. Í fyrstu voru sérsvaitarmenn í skjóli við ökutæki sitt. Á þeirri stundu vissi lögreglan lítið við hvað var að eiga. Einu upplýsingarnar sem lögreglan hafði var að sést hafði til karlmanns, á [REDACTED] [REDACTED] á hæð með [REDACTED], fara inn í tiltekið hús þar sem hann væri mögulega búsettur. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að það mat lögreglu að hinn meinti byssumaður hafi verið húsráðandi hafi í raun verið ein af mögulegum tilgátum sem unnið hafi verið eftir þar sem haft var eftir vitni á vettvangi að hinn meinti byssumaður byggi í húsinu. Miðað við upplýsingar hefði hinn meinti byssumaður getað verið gestkomandi á heimilinu eða óvelkominn á heimilinu.

Sérsvaitarmennirnir tóku ákvörðun um að sækja upp að húsinu enda vissu þeir ekki hver staðan var innandyra enda allt rólegt fyrir utan. Þegar þeir höfðu sótt upp að húsinu og voru í skjóli við bifreið í hlaði urðu þeir varir við hreyfingu í glugga í eldhúsi og beindi annar sérsvaitarmaður skotvopni sínu að húsinu en lét það falla um leið og hann áttaði sig á að um barn var að ræða. Sérsvaitarmenn náðu síðan samband við [REDACTED] og var hún beðin um að koma út úr húsinu ásamt [REDACTED]. Hún kom út um framdyrnar ásamt [REDACTED] sinna og voru þau beðin um að halda sig þar. Fljótlega kom fjölskyldufaðirinn út úr bílskúrnum og var þá skotvopni strax beint að honum og hann beðinn um að leggjast í jörðina. Sérsvaitarmaður beindi að honum skotvopni þar til hann áttaði sig á því að ekki stafaði ógn af mannum og var skotvopn látið síga en maðurinn var handjarnaður. Sérsvaitarmaðurinn fer síðan með vopnið uppi inn í skúrinn ef ske kynni að ógn skyldi vera í skúrnum. Í kjölfarið komu fleiri lögreglumenn úr skjóli og leit hófst í skúrnum til að kanna hvort skotvopn væri í skúrnum. Þegar búið var að tryggja vettvang var rætt við hinn handtekna og fjölskyldu hans í sitthvoru lagi. Þegar hinn handtekni var að setjast inn í lögreglubifreið var hann leystur úr haldi þar sem upplýst var í samtali við fjölskyldumeðlimi að hinn meinti byssumaður hafi

verið ungur sonur hins handtekna að koma heim úr kúrekaleik hjá vini sínum. Í kjölfarið yfirgaf sérsveit vettvang og yfirmaður hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu ræddi við fjölskylduna, baðst afsökunar og leiðbeindi þeim um að kvarta til nefndar um eftirlit með störfum lögreglu og hvernig hægt væri að sækja bætur til ríkisins. Þá var kallað til neyðarteymis Rauða krossins.

5.

Í 2. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um hlutverk lögreglu. Nefndin bendir á að lögreglu sé m.a. skylt skv. a. lið 2. gr. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu og leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna. Í b. lið ákvæðisins skal lögregla stemma stigum við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Í c. lið sömu greinar skal lögreglan vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum og í d. lið skal lögregla greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að.

Í máli þessu liggur fyrir að tilkynnt er um mann á gangi á almannafæri með riffil auk þess sem tilkynningin bendir til þess að hinn meinti byssumaður fari óvarlega með skotvopnið. Nefnd um eftirlit með lögreglu getur ekki annað en metið tilkynninguna sem alvarlega og trúverðuga þegar hún berst yfirvöldum og er það mat nefndarinnar að það hafi verið rétt viðbrögð af hálfu lögreglu að bregðast við tilkynningunni og í samræmi við hlutverk lögreglu. Það er mat nefndarinnar að tilkynnandinn hafi tilkynnt lögreglu um hinn meinta byssumann í góðri trú og hafi ekki gengið neitt illt til og jafnvel talið sig í hættu. Það er mat nefndarinnar að óljósar upplýsingar um að vopnið gæti verið leikfangavopn hefði ekki átt að draga úr viðbragði lögreglu eins og hér stendur sérstaklega á enda var um að ræða vangaveltur tveggja einstaklinga. Hefði lögreglan dregið úr viðbragði og sent óvopnaða lögreglumenn til að hringja dyrabjöllu á húsinu þar sem hinn meinti byssumaður átti að hafa farið inn þá hefði það borið vott um aðgæsluleysi miðað við það samfélagsástand sem er uppi í dag. Þannig var það skylda og hlutverk lögreglu að bregðast við tilkynningunni.

Nefndin bendir á að það sé ekki nefndarinnar að endurskoða ákvarðanir lögreglu t.d. hvort rétt sé að sækja fram að húsi við aðstæður sem þessar, bíða eftir samningamönnum eða hvort rétt sé að handtaka einstakling. Þær ákvarðanir eru alfarið í höndunum á lögreglu og verða ekki endurskoðaðar nema af dómara. Nefndin telur það engu að síður hafa verið rétt af sérsveitarmönnum að sækja að húsinu miðað við þær litlu upplýsingar sem lögreglan hafði um málið. Í málinu eru gerðar athugasemdir við að sérsveitarmennirnir hafi gert það í leyfisleysi, þ.e. án heimildar yfirmanna sinna. Það snýr að nefnd um eftirlit með störfum lögreglu. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem styðja þá fullyrðingu og ekki er hægt að túlka það út frá fjarskiptum lögreglu að þeim hafi verið óheimilt að sækja upp að húsinu. Þá kemur

Það fram í greinargerð Ríkislögreglustjóra til Ríkislögmanns að sérsveitarmennirnir hafi verið í fullri heimild til að sækja að húsinu.

Gerðar eru athugasemdir við meðhöndlun skotvopna sérsveitarmanna á vettvangi, m.a. að skotvopn þau sem notuð voru hafi verið beint að barni og hinum handtekna og að ekki hafi verið farið eftir handbók framleiðanda skotvopnsins um öryggi vopnanna. Nefndin bendir á að ekki sé hægt að taka mið af handbók framleiðandans sem dæmi um örugga notkun vopnanna svo sem gert er af hálfu kvartenda enda eru handbækur framleiðandanna m.a. með þann tilgang að fyrri framleiðandann skaðabótaábyrgð ef slysaskot verður. Sérsveitarmennirnir voru í vopnuðu útkalli og því viðbúinir að beita vopnunum, því voru vopnin virk og tilbúin til notkunar. Sérsveitarmenn er sérþjálfaðir í meðferð skotvopna og til að takast á við aðstæður sem þessar. Þess ber að geta að mikill tími sérsveitarmanna fer í þjálfun einmitt vegna þess mikla álags sem er í vopnuðum útkölluðum. Á upptökum sést að þegar sérsveitarmaður áttar sig á því að [REDACTED] er í glugganum þá lætur hann skotvopnið síga. Sama gildir þegar skotvopni er beint að hinum handtekna. Þegar sérsveitarmenn átta sig á að ekki stafi ógn af mannum er skotvopnið látið síga. Vopnuð útköll lögreglu eru þess eðlis að lögreglumaður þarf að vera viðbúinn því að skotið sé á hann og hann þarf að geta skotið fyrirvaralaus til baka til verja sig og almenna borgara. Því þarf skotvopnið ávallt að vera tilbúið til notkunar.

Kvartendur gera athugasemdir við að lögreglan hafi ekki haft heimild til að gera húsleit í bílskúr kvartenda án dómsúrskurðar. Í niðurstöðu héraðssaksóknara um þann þátt málsins kemur fram að „samkvæmt 75. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 er það meginregla að lögreglu er almennt ekki heimilt að leita í húsnæði nema fyrir liggja úrskurður dómara eða ótvírætt samþykki eiganda eða umráðamanns. Undantekning frá þessu er ef bið eftir úrskurði geti valdið sakarspjöllum. Lögreglan kannaði í beinu framhaldi af handtöku kæranda [] hvort skotvopn væri að finna í bílskúrnum sem hann hafði komið út úr. Svo reyndist ekki vera og fljótlega kom í ljós að tilkynning hafði ekki verið á rökum reist. Frekari leit s.s. í íbúðarhúsinu sjálfu fór ekki fram og telur héraðssaksóknari að þarna hafi lögreglu verið heimilt að ganga úr skugga um hvort skotvopn væri að finna í bílskúrnum en ekki gengið lengra fram en aðstæður stóðu til.“ Nefndin gerir ekki athugasemdir við mat héraðssaksóknara og telur ekki tilefni til að gera athugasemdir við aðferðir lögreglu og framkomu við leit.

Í lögreglulögum nr. 90/1996 er að finna innbyggða meðalhófsreglu í 14. gr. laganna. Ákvæðið kveður á um valdbeitingu lögreglu en þar kemur fram að handhöfum lögregluvalds sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei má þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Þrátt fyrir að hin óskráða meginregla um meðalhóf gildi þá var talið nauðsynlegt að lögfesta þessa reglu í lögreglulög og t.d. í stjórnsýslulög. Meðalhófið felur t.d. í sér að stjórnvald skuli í raun gæta þess að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Við mat á því hvort lögregla hafi viðhaft meðalhóf í aðgerðum sínum verður að meta hvert og eitt atvik heildstætt og samfélagslegar aðstæður hverju sinni. Þannig leiðir reglan ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu í einstökum tilvikum. Þannig er meginreglan að lögreglu er óheimilt í störfum sínum að grípa til harkalegri úrræða en nauðsyn ber til. Henni ber m.ö.o. að byrja með því að nota væg úrræði ef það er hægt.

Svo sem lýst er hér að framan barst lögreglu trúverðug tilkynning um mann sem hafði undir höndum riffil, þ.e. hættulegt skotvopn. Viðbrögð lögreglu við slíkum tilkynningum eru skýr og unnið er samkvæmt verklagi þar til botn er fenginn í málið enda líf borgara í húfi. Það er mat nefndarinnar að þær upplýsingar sem bárust lögreglu um að mögulega hafi verið um leikfangavopn að ræða hafi ekki verið nægjanlega skýrar til að slaka á viðbrögðum lögreglu. Nefndin bendir á að notkun skotvopna í íslensku samfélagi hefur aukist talsvert á undanförunum árum í voðaverkum og ástæðulaust að telja þau öll upp hér. Það er mat nefndarinnar að lögreglan hafi ekki getað tekið áhættu á að hunsa þann möguleika að inni í húsinu væri einstaklingur sem væri tilbúinn til að beita skotvopni gegn heimilismönnum eða lögreglu. Því hafi ekki verið ásættanlegt að viðhafa annað verklag en unnið var eftir og er það niðurstaða nefndarinnar, eins og hér stendur sérstaklega á, að meðalhófs hafi verið gætt í umrætt sinn í samræmi við 2. málslið 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Í erindi kvartenda til nefndarinnar kemur fram að yfirmaður hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hafi viðurkennt mistök hjá lögreglunni í málinu. Það er mat nefndarinnar að yfirmaðurinn hafi aðeins verið með mistökum verið að vísa til þess að tilkynningin sem lögreglan vann eftir hafi ekki átt við rök að styðjast. Sjálf lögreglan hafi ekki gert eiginleg mistök í málinu annað en að bregðast við tilkynningu sem reyndist á misskilningi byggð. Það er vel þekkt, héraendis sem og erlendis, að það fylgir því gríðarlegt álag að verða fyrir lögregluaðgerð sem þessari og því var lögreglu brugðið þegar tilkynningin átti ekki við rök að styðjast og saklausir borgarar, þar á meðal börn, þurftu að þola lögregluaðgerð sem þessa. Í ljósi þessa leiðbeindi einn yfirmanna á staðnum kvartendum um rétt þeirra til að kvarta til nefndarinnar eins og á að gera í tilvikum sem þessum og leiðbeindi þeim hvernig þau gætu sótt um bætur. Það er mat nefndarinnar að lögreglan hafi sýnt mikla kurteisi á staðnum.

Lögreglan leit málið mjög alvarlegum augum. Einn yfirmanna hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu heimsótti fjölskylduna daginn eftir og fjölskyldunni var strax boðin áfallahjálpi af hálfu Rauða krossins. Þá hefur [REDACTED] verið boðið að koma í heimsókn til Ríkislögreglustjóra.

6.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum embættis Ríkislögreglustjóra og að meintum refsiverðum og/eða ámælisverðum starfsaðferðum starfsmanna sama embættis.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Ríkislögreglustjóra, Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og héraðssaksóknara. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum, úr bifreið lögreglu og fjarskiptum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. maí 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22060007

Ákvörðun nr. 31/2024

Þann 24. maí 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 31/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst bréf frá embætti Ríkislögreglustjóra dags. 22. júní 2022 þar sem komið er á framfæri kvörtun sem barst embættinu vegna aðgerða embættisins við leit að ungum manni sem strauk úr haldi lögreglu um miðjan apríl 2022. Í bréfinu kemur fram að móðir drengs sem afskipti voru höfð af í tvígang í apríl 2022, leitaði til embættisins og lýsti áhyggjum sínum af þeirri stöðu sem upp væri komin, þar sem ungmenni í minnihlutahópi óttist að vera tekin í misgripum vegna útlits.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá kvartanda þann 20. september 2022. Erindi frá lögmanni drengsins barst nefndinni þann 1. febrúar 2024 vegna starfshátta lögreglu í máli [REDACTED] þann 20. og 21. apríl 2022. Einnig var í erindinu kvörtun fyrir hönd [REDACTED] vegna starfshátta lögreglu vegna afskipta sem höfð voru af þeim árið 2021.

I. Afskipti 20. og 21. apríl 2022

Í erindinu eru athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna ríkislögreglustjóra og telur kvartandi engan vafa leika á því að aðgerðir lögreglu og þau atvik sem áttu sér stað þegar lögregla stöðvaði hann í tvígang hafi beinst að honum vegna líkamlegra eiginleika og kynþáttar hans, og því hafi verið um kynþáttamiðaða löggæslu eða kynþáttamörkun (e. racial profiling) að ræða sem fól í sér mismunun. Þá var vakin sérstök athygli nefndarinnar á því að kvartandi var barn þegar afskiptin áttu sér stað og því í sérstaklega viðkvæmri stöðu í umræddu máli.

Þá telur kvartandi ljóst að lögregla hafi ekki gætt sérstakrar varúðar í samskiptum sínum við fjölmiðla og almenning þannig að komið væri í veg fyrir fjandskap og fordóma í garð ungra karlmannna sem eru dökkir á hörund.

Þá eru einnig gerðar athugasemdir við meint brot lögreglu á starfsskyldum sínum í aðgerðum sínum vegna strokufangans, m.a. með því að hafa ekki sýnt nægilega árvekni og aðgæslu með aðgerðum sínum og með því að tryggja ekki að til staðar væri verklag til að fyrirbyggja kynþáttamörkun er stafaði af kynþáttamiðaðri löggæslu.

II. Atvik árið 2021

Fram kemur í erindinu að lögregla hafi haft afskipti af [REDACTED] þegar þeir voru [REDACTED] vegna slagsmála sem urðu í sama húsi og þeir voru staddir í. Gerðar eru athugasemdir við meintar ólögmetar handtökur, yfirheyrslur og líkamsleita á [REDACTED]

Telja kvartendur að framkvæmd lögreglu í máli þessu, þ.e. handtaka, líkamsleit, yfirheyrsla og framkoma lögreglu í þeirra garð hafi ekki verið í samræmi við lög. Auk þess sem að framkvæmd lögreglu í málinu hafi ekki verið í samræmi við hlutverk hennar um að tryggja réttaröryggi borgaranna, sbr. a. liður 1. mgr. 2. gr. lögreglulaga m.a. með tilliti til þess hvernig mál þetta var skráð í dagbók lögreglu, hvernig þeir voru bendlaðir við annan hóp unglinga þar sem áflog áttu sér stað og viðmót lögreglu í þeirra garð, en þeir upplifðu viðmót lögreglu fela í sér mismunun vegna húðlitar þeirra.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra með bréfi dags. 27. júní 2022 og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 21. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Ríkislögreglustjóri svaraði beiðni nefndarinnar þann. 19. desember 2023. Meðfylgjandi voru upptökur úr eftirlitmyndavélum og upptökur af fjarskiptum og símtölum af tilkynningum til lögreglu og samskiptum lögreglu vegna atvikanna.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. mars 2024. Meðfylgjandi voru m.a. dagbókarfærslur lögreglu og vinnulýsing lögreglu vegna afskipta af börnum og ungmennum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Afskipti 20. og 21. apríl 2022

Nefndin hefur undir höndum tvær tilkynningar til lögreglu frá aðilum sem töldu sig hafa séð einstaklinginn sem lýst var eftir í fjölmiðlum. Á þeim hljóðupptökum heyrir að tilkynnt er um einstakling m.a. með sömu hárgreiðslu og tilkynnandi telur svipa mikið til einstaklingsins sem lýst var eftir. Í seinni tilkynningunni tiltók tilkynnandinn sérstaklega að hann vildi að það kæmi ekki upp sama staða og hafði komið upp deginum áður með drenginn í strætisvagninum.

Í 2. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um hlutverk lögreglu. Nefndin bendir á að lögreglu sé m.a. skylt skv. a. lið 2. gr. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu og leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna. Í b. lið ákvæðisins er kveðið á um að skuli lögregla stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins. Í c. lið sömu greinar er kveðið á um að lögreglan skuli vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála eða öðrum lögum og í d. lið segir að lögregla skuli greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að.

Nefnd um eftirlit með lögreglu tekur undir það mat lögreglu að rétt hafi verið að fylgja eftir tilkynningunum sem bárust og hafi það verið í samræmi við hlutverk lögreglu. Nefndin telur

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Þó vissulega óheppilegt að sami einstaklingurinn hafi verið tilkynntur í tvígang á tveimur mismunandi stöðum en fær þó ekki séð að lögreglan hefði átt að bregðast með öðrum hætti við tilkynningunum. Í umrætt sinn stóð yfir leit af einstaklingi sem sloppið hafði úr haldi lögreglu sem metinn var hættulegur og var með langan brotaferil að baki.

Þá telur nefndin eftir yfirferð á upptökum úr eftirlitsmyndarvélum úr strætisvagninum vegna afskiptanna þann 20. apríl 2022 að lögregla hafi ekki gengið lengra en nauðsyn krafði við störf sín í umrætt sinn. Lögreglumenn gáfu sig ekki á tal við ■■■ og yfirgáfu vagninn um leið og ljóst var að ■■■ var ekki sá sem lýst var eftir. Þannig gætti lögreglan meðalhófs í störfum sínum. Nefndin telur ekki að afskiptin gefi vísbendingar um kynþáttamiðaða löggæslu. Sama gildir um afskipti lögreglu þann 21. apríl sama ár.

Afskipti árið 2021

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og gögnum málsins telur nefndin með vísan til 5. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, að vísa skuli erindinu frá þar sem meira en tvö ár eru liðin frá þeirri háttsemi sem kvörtun lýtur að.

5.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi ■■■■■■■■■■ er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum embættis Ríkislögreglustjóra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem bárust frá embætti Ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr eftirlitsmyndarvélum og fjarskiptum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Þá telur nefndin að ekki sé um að ræða atvik sem gefi til kynna kynþáttamiðaða löggæslu. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

Niðurstaða

Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED] vegna atvika þann 20. og 21. apríl 2022.

Erindi [REDACTED] vegna afskipta sem höfð voru af þeim árið 2021 er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 24. maí 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23090002

Ákvörðun nr. 32/2024

Þann 24. maí 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 32/2024

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], þann 31. ágúst 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og framkomu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Kvartandi heldur því fram í erindinu að hann hafi orðið fyrir kynþáttafordómum, mismunun, brotið hafi verið á réttindum hans ítrekað og honum meinað að leggja fram kærur hjá embættinu.

Þá barst einnig erindi frá lögmanni kvartanda þann 9. janúar 2024, þar sem fram koma einnig athugasemdir um að vinnubrögð lögreglu gagnvart umbjóðanda hennar séu vægast sagt einkennileg og telur hún lögreglu ítrekað neita umbjóðanda hennar að leggja fram kæru.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 5. október 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilvik.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 3. janúar 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upptök úr bókmyndavélum lögreglumanna og afstaða embættisins til kvörtunarinnar.

Eftir yfirferð nefndarinnar á upptökum vegna samskipta lögreglu við kvartanda þann 16. maí 2023 verður ekki annað séð en að starfsmenn embættisins hafi sinnt starfi sínu af kostgæfni á vettvangi. Nefndin telur að aðstæður kvartanda séu um margt sérstakar og mál hans einnig. Hvað varðar þær athugasemdir sem kvartandi gerir við móttöku kæru hjá embættinu hefur nefndin fengið fullnægjandi skýringar og gerir ekki athugasemdir við málsmeðferð embættisins fram til janúar 2024. Varðandi að gleymst hafi að bóka túlk til að vera viðstaddan skýrslugjöf kvartanda telur nefndin að um mannleg mistök hafi verið að ræða. Kvartanda var lofað að haft yrði samband við hann fyrir lok dags um nýjan tíma en það virðist ekki hafa verið gert. Um smávægileg mistök er að ræða.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að aðfinnslum við störf starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. maí 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23090006

Ákvörðun nr. 33/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 33/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] vegna handtöku þriggja manna sem átti sér stað í [REDACTED] þann 5. september 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við þær starfsaðferðir sem viðhafðar voru við handtökur sem framkvæmdar voru af starfsmönnum Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Þá barst nefndinni einnig erindi dags. 3. apríl 2024 frá lögmanni [REDACTED], sem er einn þeirra sem handtekinn var í aðgerðinni þann 5. september 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu við handtökuna. Fram kemur að við handtökuna hafi kvartandi verið sofandi að dvalarstað sínum að [REDACTED] þegar sérsveitarmenn hafi ruðst inn í íbúðina með miklum látum. Kvartandi hafi ekki sýnt mótþróa og verið samstarfsfús við handtöku. Engu að síður hafi hann verið leiddur út úr íbúðinni í handjárnnum klæddur nærbuxum einum klæða. Síðar sama dag hafi svo verið birtar myndir af kvartanda þegar hann hafi verið leiddur í handjárnnum út úr íbúðinni á nærbuxunum einum fata á öllum helstu fréttamiðlum landsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 18. apríl 2024. Meðfylgjandi voru rannsóknargögn og skýrslur vegna málsins. Einnig voru meðfylgjandi upptökur úr búkmyndvélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, við handtöku.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum er það mat nefndarinnar, eins og hér stendur sérstaklega á, að umfang lögregluaðgerðarinnar hafi verið réttlætanlegt. Hins vegar telur nefndin að lögreglan hafi átt að útvega teppi til að setja yfir hina handteknu meðan þeir voru leiddir út í lögreglubifreiðar klæðalitlir. Nefndin bendir á að lögreglan getur ekki borið ábyrgð á því hvað er birt í fjölmiðlum en lögreglan verður að gera ráð fyrir því að aðgerð sem þessi veki athygli fjölmiðla og því er það mat nefndarinnar að lögreglan hafi átt að vera undir það búin að vera með teppi tiltæk. Því verður ekki hjá því komist að telja flutning kvartanda og annars sem var klæðalítill frá handtökustað og yfir í lögreglubifreið og á lögreglustöð geti flokkast undir vanvirðandi meðferð. Því er það mat nefndarinnar að senda málið til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar með vísan til 2.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin bendir t.d. á að teppi sé heppilegur staðalbúnaður í hverri lögreglubifreið ef það er það ekki nú þegar sem hefði verið hægt að nýta á staðnum.

Niðurstaða

Nefndin telur tilefni til að senda erindi [REDACTED] til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23080012

Ákvörðun nr. 34/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 34/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. ágúst 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum þegar [REDACTED] var handtekinn og færður í fangaklefa aðfaranótt 6. ágúst 2023. Fram kemur í erindinu að ítrekað hafi verið brotið á réttindum kvartanda eftir handtökuna, honum meinað að hafa samband við lögmann og honum ekki leyft að hafa samband við aðstandanda.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum með bréfi dags. 5. október 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði beiðni nefndarinnar þann 12. október 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptöku frá sjónarvotti á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embættinu. Eftir yfirferð nefndarinnar og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem gerðar eru í erindinu, m.a. að ítrekað hafi verið brotið á réttindum kvartanda eftir handtökuna, honum meinað að hafa samband við lögmann og honum ekki leyft að hafa samband við aðstandanda, telur nefndin að uppi sé vafi um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Einnig telur nefndin óheppilegt að engar upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi eða úr fangaklefa séu til staðar sem hefðu varpað ljósi á málsatvik. Nefndin telur því tilefni til að senda erindið til þóknarlegrar meðferðar hjá embætti héraðssaksóknara.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er sent héraðssaksóknara til þóknarlegrar meðferðar.

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23090008

Ákvörðun nr. 35/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 35/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi lögmanns f.h. [REDACTED] frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 19. september 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir vegna meintra afskipta lögreglu af rekstri vínveitingastaðarins [REDACTED] í [REDACTED]. Kvartað er undan ofsóknum og einelti lögreglu í garð kvartanda og rekstur hans á [REDACTED] og að tiltekinn lögreglumaður hafi ákveðið að eyðileggja rekstur kvartanda. Einnig er kvartað undan tilefnislausum handtökum á kvartanda.

Skýrslur vegna afskiptanna ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi þegar höfð voru afskipti af staðnum [REDACTED] bárust nefndinni þann 5. desember 2023 frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins sér í lagi upptökum úr bókmyndavélum lögreglumanna á vettvangi verður ekki annað séð að afskipti lögreglu af staðnum og starfsmönnum hans hafi verið í lögmætum tilgangi og innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og samnefndri reglugerð nr. 1277/2016 og lögreglulögum nr. 90/1996.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100001

Ákvörðun nr. 36/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 36/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 29. september 2023, framsent frá Dómsmálaráðuneytinu sama dag. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 4. apríl 2024. Meðfylgjandi voru samantektir úr dagbókarfærslum embættisins sl. tveggja ára vegna þriggja mála þar sem skráð eru afskipti af kvartanda.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, verður ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna þeirra afskipta sem höfð hafa verið af kvartanda, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100003

Ákvörðun nr. 37/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 37/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni [REDACTED], dags. 27. september 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af kvartanda þann 11. ágúst 2023. Fram kemur m.a. í erindinu að lögregla hafi ekki orðið við ítrekuðum beiðnum kvartanda um að kalla á sjúkrabíl sökum ástands hans, að beiðnir kvartanda um túlk og lögmann hafi verið virtar að vettugi og að viðmót lögreglu hafi verið ruddalegt.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 30. nóvember 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, afrit af dagbók lögreglu og upptökur úr bókmyndavélum af vettvangi og lögreglustöð.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embættinu. Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins, sér í lagi upptökum úr bókmyndavélum á vettvangi og lögreglustöð og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem gerðar eru í erindinu, fær nefndin ekki séð að fram komnar séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100004

Ákvörðun nr. 38/2024

Þann 10. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 38/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 12. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna atviks sem átti sér stað þann 8. október 2023. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi verið að hjóla inn í hringtorg við [REDACTED] þegar lögreglubíll keyrði í veg fyrir hann með þeim afleiðingum að hann féll af hjólinu.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 21. janúar 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, skýrsla lögreglu, afrit af dagbók lögreglu og upptaka úr eyewitness-kerfi lögreglubifreiðar af atvikinu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að slysi sem kvartandi varð fyrir er hann féll af reiðhjóli í hringtorgi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá embættinu. Nefndin telur þau atvik sem lýst er í erindi kvartanda falli ekki undir framkvæmd lögreglustarfa og falli því ekki undir valdsvið nefndarinnar sbr. VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 10. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24060001

Ákvörðun nr. 39/2024

Þann 21. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 39/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu ákvað þann 31. maí sl. að taka atvik og verklag lögreglu til skoðunar að eigin frumkvæði þegar lögregla beitti valdi til að koma ráðherrum frá ríkisstjórnarfundi. Ákvörðunin er tekin með vísan til c. liðar 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Ríkisstjórnarfundur var haldinn að Skuggasundi 3, Reykjavík þann 31. maí sl. Lögregla var með viðbúnað á vettvangi og hafði lokað Skuggasundi af að hluta með grindverki, annars vegar við Lindargötu og hins vegar neðan við Skuggasund 3. Um morguninn óku fyrstu ráðherrabifreiðarnar um Lindargötu og niður Skuggasund. Eftir að ráðherrar stigu út við Skuggasund 3 og gátu bifreiðarnar haldið leið sinni áfram niður Skuggasund. Fljótlega fjölgaði mótmælendum talsvert og þurftu síðustu ráðherrabifreiðarnar að bakka upp Skuggasund og á Lindargötu. Þegar líða tók á skiptu mótmælendur sér upp og höfðust við sitthvoru megin við grindverkin við Skuggasund og lokuðu því leið fyrir bifreiðar að inngangi að Skuggasundi 3.

Að ríkisstjórnarfundi loknum höfðu mótmælendur lagst á Lindargötuna fyrir framan grindverkið þar sem beygt er niður Skuggasund. Lögreglumenn gripu til úðavopns og það notað á mótmælendur til að dreifa hópnum af götunni til að koma ráðherrabifreiðinni í gegnum hliðið niður Skuggasundi. Sama var gert við hliðið neðar í götunni. Þetta var gert og eða tilkynnt að gert yrði í hvert skipti sem ráðherrabifreið þurfti að komast leiðar sinnar.

Upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og af húsnæði, bárust nefndinni þann 18. júní 2024 frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglan skilaði til nefndarinnar upptökum úr bókmyndavélum lögreglumanna á vettvangi, þar á meðal stjórnanda á vettvangi. Þá hefur nefndin aðgang að fjölmörgu myndefni sem birst hefur í fjölmiðlum. Þetta myndefni gefur mjög góða sýn á það hvernig vettvangur og framkoma fólks kemur fyrir augu lögreglumannsins og hvernig aðstæður voru á staðnum.

Hér á landi er tjáningarfrelsi varið í stjórnarskrá lýðveldisins, nr. 33/1944. Fram kemur í 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar að allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar. Þá kemur fram í 2. mgr. sömu greinar að hver maður eigi rétt á því að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verði hann þær fyrir dómi. Þá megi ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi aldrei í lög leiða. Í 3. mgr. kemur fram að tjáningarfrelsi megi aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðis hefðum.

Hér á landi er rétturinn til að mótmæla, þ.e. tjá skoðanir sínar á almannafæri mjög rúmur. Hins vegar er mótmælendum ekki frjálst að gera hvað sem er.

Í 19. gr. lögreglulaga er kveðið á um skyldu til að hlýða lögreglu. Þar kemur fram að almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu sem lögreglan gefur, svo sem við umferðarstjórn eða til að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

Í 21. gr. lögreglulaga er kveðið á um bann við að tálma lögreglu í störfum sínum. Þar kemur fram að enginn megi á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

Atvik þessa máls eru þau að lögregla beitti valdbeitingarvopni á hóp fólks til að tvístra mannfjölda svo ráðamenn þjóðarinnar kæmst leiða sinna. Í 14. gr. lögreglulaga kemur fram að handhöfum lögregluvalds sé heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Síðan kemur fram í 2. málslíð greinarinnar að aldrei megi þeir ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni. Hér er um að ræða meðalhófsreglu.

Þegar upptökur úr bókmyndavélum eru skoðaðar kemur fram að mótmælendur stóðu í viðkomandi sinn á götunni og komu þar með í veg fyrir að unnt væri að aka um hana, auk þess sem nokkrir þeirra lögðust á götuna og neituðu að færa sig, jafnvel beint fyrir framan framhjól bifreiðar þar á staðnum. Þá kemur fram að lögreglan gaf mótmælendum ítrekaðar skipanir um að víkja af götunni. Hluti mótmælenda hlýddi ekki skipunum lögreglu. Lögreglan reyndi einnig með handafla að flytja mótmælendur af götunni en mótmælendur fóru aftur á götuna. Þá gaf stjórnandi á staðnum skipun um að taka upp úðabrusa og gefa þannig til kynna að þeir yrðu notaðir ef ekki yrði farið að skipunum lögreglu. Mótmælendum var einnig gefin munnleg viðvörðun um að piparúði yrði notaður ef þeir færðu sig ekki af götunni. Viðvörðunum lögreglu um notkun á úðavopni var tekið með háði og skipanir lögreglu hunsaðar. Öllum hefði því átt að vera ljóst hvað til stæði hjá lögreglu ef þeir fylgdu ekki skýrum fyrirmælum lögreglu og færðu sig af götunni. Á endanum var piparúði notaður. Sama gerðist við neðra hlið í Skuggasundi. Þar færði fólk sig ekki þrátt fyrir viðvörðun um notkun á piparúða. Einnig var gefin heimild til að nota kylfur sem er næsta stig á eftir piparúða í valdbeitingu. Ekki kom til þess að lögreglan notaði kylfur að þessu sinni heldur var piparúðinn látinn duga.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin bendir á að samkvæmt ákvæðum 3. kafla laga nr. 90/1996 ber lögreglu að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir. Þá skal lögregla rækja störf sín af kostgæfni og samvirkusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Lögregla skal gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Þá má lögregla ekki beita sakaðan mann harðræði fram yfir það sem lög heimila og

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki svo sem með hótunum. Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í valdbeitingu sinni en þörf er á hverju sinni, sbr. 14. gr. laga nr. 90/1996. Þá skal lögregla aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti og skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til, sbr. 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Af þeim upptökum sem nefndin hefur undir höndum af atvikum á vettvangi verður ekki annað séð en að aðgerðir lögreglu á vettvangi samræmist ofangreindum skyldum, þar með talið þegar ákveðið var að beita piparúða í umrætt sinn. Enginn slasaðist af hálfu mótmælenda svo vitað sé. Af skoðun þess myndefnis sem fyrir liggur í málinu, sem er umtalsvert, verður ekki annað ráðið en að lögreglumenn hafi gætt stillingar á vettvangi og gætt þess að mótmælendum yrði ekki gert tjón, óhagræði eða miski umfram það sem óhjákvæmilegt var miðað við aðstæður, í samræmi við 2.tl. 13. gr. lögreglulaga. Telur nefnd um eftirlit með lögreglu að lögreglan hafi ekki gengið lengra en nauðsyn krafði við störf sín í umrætt sinn og því hafi meðalhófs verið gætt.

Með hliðsjón af ofangreindu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar málsins.

Reykjavík, 21. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21080005

Ákvörðun nr. 40/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 40/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir því við héraðssaksóknara þann 5. ágúst 2021 að nefndin yrði upplýst um niðurstöðu máls er varðaði andlát karlmanns eftir handtöku í [REDACTED] s.á. En samkvæmt fréttáflutningi staðfesti héraðssaksóknari að málið væri til rannsóknar hjá embættinu.

Með bréfi dags. 5. ágúst 2021 tilkynnti embætti héraðssaksóknara nefndinni um að rannsókn væri hafin hjá embættinu á grundvelli 2. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2009. Meðfylgjandi voru afrit af gögnum málsins.

Þann 23. ágúst 2021 óskaði nefndin eftir gögnum frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra (FMR) er tengdust málinu. Gögnin bárust nefndinni þann 21. janúar 2022.

Með bréfi dags. 10. desember 2021 tilkynnti embætti héraðssaksóknara nefndinni um að málið hefði verið fellt niður með hliðsjón af 145. gr. laga um meðferð sakamála, þar sem ekki var talið að þar sem fram var komið benti til refsiverðrar háttsemi af hálfu þeirra lögreglumanna sem að málinu komu.

Þá barst nefndinni afrit af afstöðu ríkissaksóknara dags. 5. apríl 2022, til kæru á ákvörðun héraðssaksóknara þar sem embættið staðfesti fyrrgreinda ákvörðun héraðssaksóknara um niðurfellingu.

Þann 31. ágúst 2023 barst nefndinni kvörtun f.h. [REDACTED] er laut að framgöngu og verklagi lögreglumanna á vettvangi, sem og meðferð málsins að öðru leyti hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, héraðssaksóknara og ríkissaksóknara.

Með vísan til hlutverks og valdheimilda nefndarinnar er það ekki í höndum nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Nefndin mun því ekki taka afstöðu til þeirra athugasemda sem gerðar eru í erindinu við meðferð málsins hjá annars vegar embætti héraðssaksóknara og hins vegar embætti ríkissaksóknara.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Nefndin fór ítarlega yfir þau gögn sem henni bárust frá framangreindum embættum og einnig þeim gögnum með fylgdu erindinu. Fram kemur í skýrslu um dánarorsök eftirfarandi: [REDACTED]

Þá kom einnig fram í gögnum málsins að skv. framburði lögreglumanns nr. [REDACTED] í skýrslutöku hjá héraðssaksóknara að ástand X hafi verið slíkt að hann hafi mjög fljótlega áttað sig á að X væri í mjög annarlegu ástandi og meðhöndla þyrfti hann í samræmi við það, m.a. með tilliti til hugsanlegs æsingsóráðsheilkennis


3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögum og reglu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögæta

háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Eftir yfirferð nefndarinnar og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem gerðar eru í erindinu, og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin, óháð niðurstöðu ríkissaksóknara, að málið eigi margt sameiginlegt við hliðstætt mál sem áður var til meðferðar hjá nefndinni. Niðurstaðan í því máli var að ekki væri tilefni til að gera athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu. Nefndin gerði hins vegar athugasemdir við verklag lögreglu og að engar bókmyndavélar hafi verið til staðar, en á þeim tíma höfðu þær ekki verið að fullu innleiddar hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Bókmyndavélar hefðu t.d. varpað skýrara ljósi á það sem gerðist.



Í því ljósi getur nefndin ekki gert athugasemdir við það verklag sem snýr að valdbeitingu lögreglumanna á vettvangi. Engu að síður telur nefndin að brýnt sé að reglur embættisins um notkun bókmyndavéla og eyewitness-kerfi lögreglubifreiða embættisins verði teknar til gagn Gerrar endurskoðunar enda geti slíkar upptökur leitt í ljós veigamikil atriði sem skipta máli við rannsókn mála, sér í lagi þegar einstaklingur lætur lífið í höndum lögreglu eins og í tilviki X. Nefndin telur því tilefni til að gera verulegar athugasemdir við þá staðreynd að engar upptökur sé að finna af atvikinu eða aðdraganda þess, hvorki úr bókmyndavélum lögreglumanna né úr eyewitness-kerfum lögreglubifreiða á vettvangi. En ljóst er af gögnum málsins að fjórir lögreglumenn komu að málinu.

Nefndin fær ekki séð af gögnum málsins ástæður þess eða skýringar á að enginn lögreglumaður á vettvangi hafi borið bókmyndavél við störf sín í umrætt sinn. Telji lögreglan að lög hamli notkun bókmyndavéla í atvikum sem þessum ber henni að beita sér fyrir lagabreytingum svo hægt verði að nota þær.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með hliðsjón af ofangreindu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin tilefni til að senda málið til þóknanlegrar meðferðar hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða

Erindið er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23050003

Ákvörðun nr. 41/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 41/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 8. maí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við þátttöku einkennisklædds starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í auglýsingu fyrir fyrirtækið [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 25. janúar 2024

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. júní 2024 þar sem fram kemur að embættið hafi tekið málið til skoðunar og var það mat þess að umrædd þátttaka í auglýsingunni hafi ekki samrýmst ákvæðum lögreglulaga og að starfsmaður embættisins hefði ekki átt að taka þátt í slíkri kynningu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi er ljóst [REDACTED] að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeirri meðferð sem málið hefur þegar fengið hjá embættinu, telur nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100005

Ákvörðun nr. 42/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 42/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [REDACTED], dags. 15. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum vegna máls sem hún er með til meðferðar hjá embættinu.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum þann 14. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum svaraði beiðni nefndarinnar þann 28. febrúar sl. Meðfylgjandi voru tölvupóstssamskipti embættisins við lögmann kvartanda vegna málsins. Eftirfarandi kom fram í svari embættisins:

„Við höfðum áhyggjur af þessu máli í upphafi, þar sem rætt var um að í [REDACTED] Eftir að það upplýstist að skápurinn hafi verið opnaður og eiturefnin tekin og skilað til þess sem hafði með þau að gera, bakkaði lögreglan frá þessu máli og aðhafðist ekki frekar.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögsmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23100007

Ákvörðun nr. 43/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 43/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 17. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi. Fram kemur í erindinu að sektarboð hafi verið sent í heimabanka ólöggráða sonar hans án þess að forráðamönnum hafi verið tilkynnt um meint brot.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á Vesturlandi þann 17. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Meðfylgjandi erindi [REDACTED] var svar embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi en kvartandi sendi upphaflega erindi á embættið þann 19. september 2023. Eftirfarandi kemur m.a. fram í svari embættisins dags. 16. október 2023:

„Varðandi sektarboð vegna hraðabrots sonar þíns urðu þau leiðu mistök að sektarboð var sent út án þess að forsjáradilum væru sendar upplýsingar um brotið. Biðjumst við velvirðingar á því. Mistök sem þessi leiða ekki til þess að mál falli niður.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn. Nefndin telur óheppilegt að framangreind mistök hafi átt sér stað en hins vegar sé um að ræða mannleg mistök og með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23120004

Ákvörðun nr. 44/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 44/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 15. desember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku þann 30. júlí 2023 þegar kvartandi var handtekinn við [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 4. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 24. janúar 2024 þar sem fram kom að embætti héraðssaksóknara rannsakaði kæru er [REDACTED] lagði fram vegna málsins. Þegar rannsókn málsins væri lokið myndi héraðssaksóknari afhenda NEL öll gögn. Gögnin bárust nefndinni þann 12. mars sl. Meðfylgjandi voru upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna, eyewitness kerfi lögreglubifreiðar og úr öryggismyndavélum á lögreglustöð.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og starfsháttum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn sem bárust frá embætti héraðssaksóknara. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur af upphafi afskipta lögreglu af kvartanda. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23110003

Ákvörðun nr. 45/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 45/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] þann 28. október 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við vinnubrögð starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi, á rannsókn máls sem kvartandi er með til meðferðar hjá embættinu.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi þann 15. desember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar þann 10. janúar 2024. Meðfylgjandi voru gögn úr tveimur málum er varða erindi kvartanda.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að rannsóknaraðferðum og ákvarðana lögreglu er varða beitingu úrræða.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn sem bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og valdheimildum nefndarinnar sbr. VII. kafla lögreglulaga, telur nefndin að vísa skuli erindinu frá.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá.

Erindið er framsent ríkissaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010012

Ákvörðun nr. 46/2024

Þann 27. júní 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 46/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá forráðamönnum [REDACTED], dags. 29. janúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og valdbeitingar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við handtöku á syni þeirra þann [REDACTED].

Fram kemur að lögregla hafi haft samband við föðurinn að kvöldi [REDACTED] sl., þar sem honum var tilkynnt að þurft hafi að hafa afskipti af 15 ára syni hans. Þegar sonur þeirra kom heim, ásamt tveimur lögreglumönnum, brá þeim verulega í brún þar sem hann var þakinn óhreinindum. Fötin hans og skór voru skítug og bakhlið á símanum hans brotin.

Ástæða afskiptanna var tilkynning til lögreglu þess efnis að einstaklingur væri með eldhúshníf í strætóskýli við [REDACTED].

Kvartendur telja að viðkomandi lögreglumenn hafi farið offari í umrætt sinn. Þá hafi þeir ekki gætt lögmætra aðferða með því að snúa son þeirra niður, hóta honum með úðavopni, þrýsta höfði hans í jörðina og í kjölfarið handjárnna hann liggjandi á maganum og framkvæma leit.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og embætti Ríkislögreglustjóra þann 6. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 16. febrúar sl. Meðfylgjandi voru upptök úr búkmyndavélum lögreglumanna, upptaka úr lögreglubifreið, skýrslur málsins og afrit af dagbók vegna málsins.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Málavextir eru þeir að þann [REDACTED] sl. kl. 21:42 var tilkynnt um mann með stóran og beittan eldhúshníf hlaupa yfir [REDACTED]. Taldi tilkynnandi að hann væri um 20 ára og í svartri úlpu. Er lögregla fór á staðinn taldi lögreglumaður sig sjá að maðurinn væri með stóran hníf. Vopnaburður á almannafæri er bannaður sbr. 30. gr. vopnalaga nr. 16/1998. Hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tekið tilkynningum um hnífaburð ungmenna eða ungs fólks mjög alvarlega.

Lögregla gat ekki vitað að [REDACTED] væri einungis 15 ára gamall þegar grunur var um að hann væri með hníf. Hann var tregur til að fara að fyrirmælum lögreglu en lagðist loks niður eftir ítrekuð fyrirmæli um það frá lögreglu. Um leið og hann gerði grein fyrir sér og gengið hafði verið úr skugga um að hann væri ekki vopnaður voru handjárn leyst. Er það mat LRH að meðalhófs hafi verið gætt í afskiptum af [REDACTED] [REDACTED]. Einnig hafi reglum nr. 1740/2022 um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna verið fylgt.“

Nefndin fór ítarlega yfir gögn málsins, sér í lagi meðfylgjandi upptökum úr búkmyndavélum af vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögsmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að

tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku og starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin bendir á að í málinu er tilkynnt um ungan mann vopnaðan hnífi og eru viðbrögð lögreglu í samræmi við það en hnífaburður ungs fólks hefur aukist umtalsvert að undanfögnu. Vopnaburður á almannafæri er bannaður. Lögreglumaður sem kemur á vettvang telur sig sjá kvartanda með hníf og erfitt er að greina aldur einstaklinga á þessu aldursbili. Um leið og málin skýrast á vettvangi róast aðstæður og viðbúnaður minnkar. Ekki er að sjá á upptökum lögreglu að lögreglumenn hafi brugðist rangt við aðstæðum og því er það mat nefndarinnar að störf þeirra séu í samræmi við III. kafla lögreglulaga nr. 90/1996.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbindingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis.

Reykjavík, 27. júní 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23110006

Ákvörðun nr. 47/2024

Þann 4. september 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 47/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 28. nóvember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu starfsmanns lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á heimili kvartanda þann 14. nóvember 2023. Fram kemur að framgangnan hafi á engan hátt verið eðlileg og ekki í samræmi við þær sorglegu aðstæður sem uppi voru á vettvangi.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 28. nóvember 2023.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 28. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru einnig skýrsla vegna málsins og verklagsreglur embættisins. Í skýrslu embættisins kemur fram:

„Þriðjudaginn 14. nóvember sl. var áhöfn lögreglubífreiðar [REDACTED] send að beiðni Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra að [REDACTED] vegna meðvitundarleysis [REDACTED] ára drengs. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var þeim tjáð af sjúkraflutningamönnum að [REDACTED]. Var þá héraðslæknir og miðlæg rannsóknardeild kölluð út samkvæmt verklagi [REDACTED]

Í slíkum aðstæðum sem uppi voru í málinu er ekki venja að lögreglumenn hafi kveikt á búkmyndavélum. Vísast til verklagsreglu um notkun búkmyndavéla nr. [REDACTED] um upptökur í viðkvæmum aðstæðum. Er [REDACTED] var sótt á vinnustað sinn voru ekki upptökur í gangi í lögreglubífreid. LRH.

LRH harmar það að upplifun [REDACTED] hafi verið með þeim hætti sem hún upplifði. Hafa stjórnendur farið vel yfir kvörtun [REDACTED] með starfsmönnum. Rætt hefur verið við lögreglumenn sem voru á vettvangi sem kannast ekki við að framkoma annarra lögreglumanna þar hafi verið með þeim hætti er [REDACTED] upplifði. Umræddur lögreglumaður telur sig hafa farið eftir verklagsreglum í málinu og kannast ekki við að hafa sýnt af sér framkomu sem [REDACTED] lýsir.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Í verklagsreglum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um notkun búkmyndavéla er fjallað um upptökur í

viðkvæmum aðstæðum. Þar kemur fram að ef upptaka fer fram á heimili fólks vegna meintra brota, skuli gæta að sjónarmiðum um friðhelgi einkalífs, en þó þannig að atvik máls og helstu atriði er varða sönnun komi fram. Nefndin bendir á að lögreglan er í flestum tilvikum að fást við einkalíf fólks þegar hún hefur afskipti af borgurum. Því er það mat nefndarinnar að lögreglumenn skuli ávallt hafa kveikt á bókmyndavélum í slíkum aðstæðum nema í þeim tilvikum þegar framkvæmd er líkamsleit þar sem viðkomandi þarf að afklæðast. Aðeins þannig ná bókmyndavélar tilgangi sínum sem meðal annars er að tryggja sönnun atvika og vernda þannig borgana og lögreglumenn. Á það er minnt að strangar reglur gilda um geymslu og aðgang að myndefni úr bókmyndavélum. Sama gildir um upptökur í lögreglubifreiðum.

Í máli þessu er kvartað undan framkomu lögreglumanna á vettvangi við [REDACTED]. Nefndin hefur ekkert í höndunum til að sannreyna framkomu lögreglumanna á vettvangi og getur því ekki tekið afstöðu til þess hvort framkoma þeirra hafi samræmst góðum starfsháttum. Nefndin telur því afar óheppilegt að lögreglumenn hafi haft slökkt á öllum myndavélum í umrætt sinn. Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að fylgja verklagsreglum og nota bókmyndavélar í samskiptum við borgarana.

Svo sem fram kemur hér að ofan og með hliðsjón af gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að bæta notkun bókmyndavéla í samræmi við verklagsreglur.

Reykjavík, 4. september 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23120005

Ákvörðun nr. 48/2024

Þann 8. október 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 48/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. desember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir vegna starfsaðferða og framkomu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar höfð voru afskipti af ólögráða syni þeirra, þann 28. ágúst 2023. Fram kemur að lögregla hafi handtekið ólögráða son þeirra að ástæðulausu og ekki upplýst þau um málsatvik að eigin frumkvæði. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við að handtökuskýrsla hafi ekki verið gerð fyrr en óskað var eftir gögnum málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 16. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 24. janúar 2024. Meðfylgjandi voru einnig skýrsla vegna málsins og verklagsreglur embættisins.

Eftirfarandi kemur meðal annars fram í bréfi embættisins:

„Þegar höfð voru afskipti af [REDACTED] var lögregla að reyna að hafa uppá aðilum sem grunaðir voru um líkamsárás, voru á flóttu undan lögreglu, var grunur um að þeir bæru vopn og talið var að fleiri ungmenni væru í hættu. Þegar [REDACTED] var handsamaður var ekki vitað hver hann var né var vitað um aldur hans. Þegar hann hafði sagt deili á sér og vitað var að hann væri ekki einn af þeim sem leitað var, voru handjárn hans leyst strax og hann fékk að fara. Það er mat LRH að meðalhófs hafi verið gætt við afskiptin af [REDACTED] að teknu tilliti til alvarleika málsins.“

Samkvæmt vinnulýsingu um afskipti lögreglu af börnum og ungmennum – skráning í Löke skal vanda til skráninga í lögreglukerfinu í málum þar sem börn og ungmenni koma við sögu. [REDACTED] var skráður í aðilabelti, sem aukaaðili 28. ágúst 2023 kl. 15:56 um leið og félagar hans. Var hann skráður sem „[REDACTED]“ sem er brotaþoli, og í félagahóp 1, sem eru félagar brotaþola. Móðir hans var skráð sem aukaaðili, forráðamaður [REDACTED], kl. 17:16. Þegar lögregla hafði lokið meðferð málsins á vettvangi hófst skýrslugerð og önnur vinna við málið. Sakborningar í málinu voru færðir til skýrslutöku, beðið eftir fulltrúum frá barnaverndarnefnd, foreldrum, lögmanni og túlkum áður en hægt var að ræða við þá. Áður en tækifæri hafði gefist til að upplýsa foreldra [REDACTED] hafði móðir hans haft samband við fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra og óskað eftir að fá símtal frá lögreglu þar sem hún vildi fá upplýsingar vegna handtöku sonar hennar. Samkvæmt 5. gr. framangreindrar verklýsingar skal lögregla að öllu jöfnu láta forráðamenn þess vita um afskipti við fyrsta tækifæri (í síðasta lagi næsta dag). Skrá skal nafn forráðamanns í málið og upplýsingar um hvenær rætt var við hann. Sökum anna við meðferð málsins var ekki búið að hafa samband við móður [REDACTED] kl. 17:09 þegar hún óskaði eftir símtali. Var það gert stuttu síðar. Sökum anna láðist að gera handtökuskýrslu strax en var hún gerð síðar.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfaðferðum starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Nefndin telur aðfinnsluvert að búkmyndavélar hafi ekki verið notaðar við aðgerðir lögreglu í umrætt sinn. Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins m.t.t. skráningu lögreglu í LÖKE og skýrslugerð vegna framangreindra afskipta telur nefndin hins vegar óheppilegt að skýrslugerð hafi ekki verið lokið fyrr eins raun bar vitni en taka verður tillit til þess að málið var umfangsmikið. Þá hafi verklagsreglum verið fylgt við vinnslu málsins.

Fram kemur í erindinu að kvartendur óskuðu eftir við barnavernd að fá afrit af gögnum sem send voru barnavernd frá lögreglu og fengu þau afhent. Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur ekki eftirlit með störfum barnaverndar.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. október 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010007

Ákvörðun nr. 49/2024

Þann 8. október 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 49/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni [REDACTED], dags. 2. janúar 2024. Í erindinu eru gerðar alvarlegar athugasemdir við framgöngu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins gagnvart kvartanda þann [REDACTED] 2023 á meðan hún var við friðsamleg mótmæli með það að markmiði að tjá andstöðu sína við [REDACTED]

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 4. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 26. janúar 2024. Meðfylgjandi voru skýrsla vegna málsins og upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Í málinu liggur fyrir að [REDACTED] fór um borð í skip án heimildar, klifraði upp í mastur þess í því skyni að mótmæla [REDACTED] og hlýddi ekki fyrirmælum lögreglu. Var hún því grunuð um brot gegn lögum nr. 50/2004 um siglingavernd, almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og brot á lögreglulögum nr. 90/1996. Hún var ekki stödd á almannafæri þegar hún kaus að neyta réttar síns til að mótmæla heldur valdi hún einn hættulegasta stað á skipi sem völ var á, stað sem hún hafði ekki heimild til að vera stödd á. Lögreglu bar lagaskylda til að handtaka [REDACTED] fyrir meint brot á framangreindum lögum en um leið að tryggja öryggi [REDACTED] og starfsmanna ríkisins í þeim aðstæðum sem hún hafði komið sér í.

Af því myndefni sem fylgir kvörtuninni er ekki að sjá að lögreglumenn beiti [REDACTED] valdi heldur eru þeir að reyna að rýma til í turninum til að fá betra vinnurými og fá [REDACTED] með góðu til að koma niður. Nefnd um eftirlit með lögreglu gerir ekki athugasemdir við vinnubrögð starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við þessar aðstæður.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, verður ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna þeirra afskipta sem höfð hafa verið af kvartanda, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. október 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23120007

Ákvörðun nr. 50/2024

Þann 4. september 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 50/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], þann 18. desember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt 13. ágúst 2023 þegar afskipti voru höfð af kvartanda. Fram kemur að kvartandi hafi verið við vinnu þegar hann varð vitni að líkamsárás. Í kjölfarið gerði hann lögreglu viðvart. Eftir að lögreglan mætti á svæðið hélt kvartandi áfram að vinna. Lögreglan hafi síðar komið á vinnustað kvartanda og beðið hann um nafn og kennitölu. Kvartandi hafi neitað þar sem hann taldi sig eiga rétt á nafnleynd við vinnslu málsins. Í kjölfarið hafi kvartandi verið handtekinn, settur í lögreglubifreið og keyrður að lögreglustöð. Þar hafi yfirmaður komið út og rætt við hann. Eftir að hafa setið í bifreiðinni í 10 mínútur gaf hann að lokum upp nafn og kennitölu eftir að hafa fengið lögreglunúmer þeirra lögreglumanna sem voru viðstaddir.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 16. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 2. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins.

Eftirfarandi kemur fram í svari embættisins:

„Samkvæmt 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er lögreglu heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar. Þar sem ■■■ var vitni í líkamsárásarmáli var nauðsynlegt fyrir lögreglu að fá upplýsingar um hver hann væri. Það var því nauðsynlegt að hann gæfi nánari upplýsingar. Þar sem að hann neitaði því var hann handtekinn en neiti aðili að segja til nafns og deili á sér að öðru leyti er rétt af lögreglu að handtaka mann samanber a lið, 3. mgr. 90. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi ■■■ er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur verulega aðfinnsluvert að hvorki séu til staðar upptökur úr búkmyndavélum né upptökur úr lögreglubifreiðinni þar sem verið er að flytja frelsisviptan einstakling. Mat nefndarinnar er að ávallt skuli vera kveikt á búkmyndavélum og myndavélum í lögreglubifreið þegar lögreglan er í samskiptum við

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

borgarann, sér í lagi þegar lögregla ákveður að handtaka borgarann svo fremi sem það fari ekki gegn verklagsreglum lögreglu.

Nefndin bendir hins vegar á að borgurum er skylt að gefa lögreglu upp nafn, kennitölu og heimilisfang, auk þess að sýna lögleg skilríki sé eftir því leitað. Þá hvílir hlýðniskylda á borgurum í garð lögreglu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, verður ekki séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna þeirra afskipta sem höfð hafa verið af kvartanda, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 4. september 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010009

Ákvörðun nr. 51/2024

Þann 8. október 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 51/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 16. janúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanns lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af honum þann 15. janúar sl. Fram kemur að kvartandi telji að hann hafi einungis verið sektaður vegna ósættis milli hans og tiltekins lögreglumanns sem var við störf í umrætt sinn.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 30. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 7. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru skýrsla vegna málsins og afstaða lögreglumanna á vettvangi til kvörtunarinnar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og meðfylgjandi gögn sem bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að engar upptökur úr búkmyndavélum séu til vegna framangreindra afskipta en þær hefðu varpað skýru ljósi á málsatvik. Engu að síður með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki er tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. október 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23050003

Ákvörðun nr. 52/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 52/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 2. maí 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við þátttöku starfsmanns embættisins ríkislögreglustjóra í auglýsingu fyrir [REDACTED]. Kvartandi telur að það geti varla vera hlutlægni þegar starfandi lögregluþjónar eru að auglýsa vöru og/ eða þjónustu, þar með talið nám sem hægt er að nýta í starfi hjá lögreglu. Þá gætu allar þær menntastofnanir eða námskeiðshaldarar sem lögregluþjónar sækja nám/námskeið til farið þess á leit við nemendur sína að þeir auglýsi nám/námskeið þeirra, menntastofnunum/námskeiðshöldurum til framtíðar.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá lögreglustjóranum höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 29. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að háttsemi tiltekins starfsmanns embættis ríkislögreglustjóra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og telur þau atvik sem lýst er í erindi kvartanda falli ekki undir framkvæmd lögreglustarfa og falli því ekki undir valdsvið nefndarinnar sbr. VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða

Erindinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010011

Ákvörðun nr. 53/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 53/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsend tilkynning [REDACTED] frá embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags 25. janúar 2024. Fram kemur að kvartandi hafi komið á lögreglustöðina á [REDACTED] þann 9. janúar sl. og óskað eftir að tekið yrði til skoðunar þar sem hann taldi vera refsiverða háttsemi í starfi lögreglu og lýtur að málsmeðferðartíma og niðurstöðum í tveimur málum.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu og öllum gögnum málsins telur nefndin með vísan til 5. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, að vísa skuli erindinu frá þar sem meira en tvö ár eru liðin frá þeirri háttsemi sem kvörtun lýtur að.

Niðurstaða

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020002

Ákvörðun nr. 54/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 54/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 2. febrúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við handtöku þegar afskipti voru höfð af [REDACTED] þann 2. júní 2023.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 6. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 15. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna afskiptanna og dagbókarfærslur embættisins. Fram kemur einnig að ekki er um að ræða að til séu upptökur af samskiptum lögreglu við aðila vegna umræddra atvika.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfaðferðum starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Nefndin telur aðfinnsluvert að bókmyndavélar hafi ekki verið notaðar við aðgerðir lögreglu í umrætt sinn.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020003

Ákvörðun nr. 55/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 55/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsend tilkynning [REDACTED] frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags 4. febrúar 2024. Fram kemur í erindi [REDACTED] að tiltekinn lögreglumaður hafi farið offari í aðgerðum sínum á vettvangi þann 31. janúar 2024. Einnig að forsaga hans og meint ójafnvægi eigi að leiða til þess að hann sé ekki á meðal þeirra starfsmanna sem eru að vinna við að gæta öryggis almennings og ráðamanna.

Meðfylgjandi var erindi kvartanda, upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og greinargerð stjórnanda á vettvangi umræddan dag.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og háttsemi tiltekins starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptökum úr búkmyndavélum af vettvangi, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [REDACTED].

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020004

Ákvörðun nr. 56/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 56/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 5. febrúar 2024. Í erindinu voru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku af hálfu starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum en ekki kom fram hvenær meint afskipti áttu að hafa átt sér stað.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum með bréfi dags. 29. febrúar 2024. Eftir samskipti við starfsmann embættisins kom í ljós að umrætt atvik átti sér stað 25. júlí 2016.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Eftir yfirferð nefndarinnar á erindinu telur nefndin með vísan til 5. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, að vísa skuli erindinu frá þar sem meira en tvö ár eru liðin frá þeirri háttsemi sem kvörtun lýtur að.

Niðurstaða

Erindinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020005

Ákvörðun nr. 57/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 57/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] dags. 12. febrúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 5. febrúar 2024. Fram kemur að kvartandi hafi verið á leið sinni að sækja fund í Alþingishúsinu en þegar hún hafi verið komið að anddyri hússins hafi lögreglumaður rifið í sítt hár kvartanda til að hindra innkomu hennar í þinghúsið. Hún hafi hins vegar slitið sig lausa og haldið á fundinn.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 29. febrúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærnum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 8. mars 2024. Meðfylgjandi voru gögn málsins, upptökur frá Alþingi og úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi. Atvikið náðist á upptökur.

Í bréfinu kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Samkvæmt lögreglulögum nr. 90/1996 er hlutverk lögreglu m.a. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, vernda eignarrétt og opinbera hagsmuni. Þann 5. febrúar sl. voru mótmæli við Alþingi Íslendinga og var von á töluverðum fjölda fólks þangað. Lögregla var á staðnum til að halda uppi allsherjarreglu, tryggja að mótmælendur truflaðu ekki störf Alþingi auk þess að lögregla tryggir eftir fremsta megni öryggi þingmanna, ráðamanna og æðstu stjórnar ríkisins. Aðgerðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var með viðbúnað og í samræmi við 15. gr. lögreglulaga var búið að girða af svæði fyrir framan Alþingishúsið þar sem mótmælendur héldu sig. Lögreglumenn vöktuðu sína pósta og gættu þess að aðrir en þeir sem þangað ættu erindi kæmust ekki í þinghúsið. Samkvæmt dagbók lögreglu var talið að um 200 manns væru á svæðinu við mótmæli um kl. 15:24. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er lögreglu heimilt að hafa afskipti af borgunum til að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu og til að gæta öryggis einstaklinga eða almenning og er lögreglu í þeim tilgangi heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns sín, kennitölu og heimilis og sýni skilríki því til sönnunar sbr. 5. mgr. sama ákvæðis. Lögreglumenn geta ekki vitað nákvæmlega deili á öllum sem koma að þinghúsinu og segjast vera að fara á fund í húsinu. Það er því í samræmi við framangreint sem [REDACTED] var beðin að gera grein fyrir sér.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögum og reglu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og háttsemi tiltekins starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi, sést skýrt að ekki hafi verið rífið í hár kvartanda eða að óásættanlegar starfsaðferðir hafi verið viðhafðar í umrætt sinn. Nefndin telur að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24020007

Ákvörðun nr. 58/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 58/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 21. febrúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 29. desember 2023 þegar afskipti voru höfð af fjölskyldu kvartanda.

Þá barst nefndinni einnig framsent erindið sem barst ríkislögreglustjóra frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu dags. 16. febrúar 2024. Meðfylgjandi voru dagbók lögreglu, svar embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til kvartanda auk umboðs til kvartanda frá syni kvartanda og eiginkonu hans.

Þá kemur m.a. fram í erindi kvartanda eftirfarandi:

„Umboðsmaður telur að lögregla hafi í engu svarað því erindi sem beint var til hennar og einungis reifað málið stuttlega og talið að erindið ætti ekki við. Ætla megi jafnvel að bréfið til hennar hafi ekki verið lesið fyrst því er haldið sérstaklega fram að það sé ódagsett þótt berlega megi sjá að það er dagsett 8. febrúar sl. Bréfið var sent í pdf formi og getur því ekki hafa verið breytt að neinu leyti. Krafa umboðsmanns er að veittar séu upplýsingar um tiltekin grundvallaratriði sem lögreglu bæri væntanlega að láta í té ef dómstólar úrskurðuðu í málinu í samræmi við 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar þannig að meintir sakborningar geti borið hönd fyrir höfuð sér og eftir atvikum sótt aðra til ábyrgðar. Í 15. gr. stjórnsýslulaga er kveðið á um rétt til aðgangs að upplýsingum sem lögreglan telur sig ekki þurfa að virða.“

og einnig:

„Þar sem lögreglan hafnar að láta nokkrar upplýsingar í té leyfir umboðsmaður sér með bréfi þessu að bera fram kvörtun til nefndarinnar í samræmi við lögreglulög og reglur nr. 222 frá 2017 sem um hana gilda og óska eftir að hún taki málið til meðferðar og tjái sig um hvort málavextir og háttsemi lögreglunnar í þessu sambandi séu í samræmi við lög og reglur, sér í lagi þar sem ekki var tekin nein skýrsla af meintri brotakonu.“

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Úr bréfi embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 8. febrúar sl., til kvartanda:

„Vísað er til ódagsetts erindis er barst lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu framsent frá ríkislögreglustjóra þann 8. febrúar sl. Í erindinu er þess óskað umboðsmanni [REDACTED] verði afhent afrit af rannsóknarskýrslu í tilteknu máli. Einnig er þess óskað að lögregla gefi aðilum kost á að andmæla skýrslu áður en hún verður afhent barnaverndarnefnd.

29. desember sl. var tilkynnt um óviðeigandi þvott á stúlkubarni í sturtu í sundlaug [REDACTED] Lögregla fór og ræddi við tilkynnanda á staðnum. Upplýsti tilkynnandi um að, að hennar mati hafi móðir stúlkubarns gengið of langt í að þvo kynfæri barnsins. Vissi tilkynnandi ekki annað um fólkið en að það hafi farið í burtu á bifreið með númerinu [REDACTED]

Lögregla fór að heimili skráðs eiganda bifreiðarinnar og ræddi við föður stúlkunnar og ömmu. Amma barnsins kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt í búningsklefanum eða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Í sturtunni sem hún var með þeim mæðgum í. Erindið var skráð í dagbók og ekki aðhafst frekar í málinu.

Í samræmi við 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 ber lögreglu að kanna með allar tilkynningar sem berast og greiða götu borgarans í samræmi við hlutverk hennar. Var það gert í umræddu tilviki. Ekki var talin ástæða til að bregðast frekar við eða gera lögregluskýrslu um málið sem er skráð í dagbók lögreglu. Meðferð og afgreiðslu málsins er lokið.

Lögregla hefur ekki tekið stjórnvaldsákvörðun í málinu og telur ákvæði stjórnsýslulaga ekki hafa átt við í meðferð þess hjá lögreglu.

Tilkynning var send barnaverndarnefnd 11. janúar sl. í samræmi við tilkynningarskyldu lögreglu sbr. 18. gr. laga nr. 80/2002. Slíkt er gert hafi lögregla haft afskipti af börnum eða foreldrum þeirra.

Erindið verður framsent til nefndar um eftirlit með lögreglu sbr. b. lið 1. mgr. 35. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Nefndin bendir á að samkvæmt b. lið 1. mgr. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi meðferð. Eins og fram hefur komið barst lögreglu tilkynning um meint brot gegn barni. Lögreglunni bar skylda til að bregðast við tilkynningunni samkvæmt 18. gr. lögreglulaga. Starfsmenn lögreglu brugðust við tilkynningunni með því að ræða við vitni að meintu broti. Eftir þær samræður taldi lögreglan ekki ástæðu til að bregðast frekar við eða gera lögregluskýrslu um málið sem var engu að síður skráð í dagbók lögreglu og málinu

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lokað. Tilkygning um afskiptin var send til barnaverndar í samræmi við tilkygningarskyldu lögreglu sbr. 18. gr. laga nr. 80/2002. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24030001

Ákvörðun nr. 59/2024

Þann 8. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 59/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst nafnlaus tilkynning dags. 11. mars 2024, um meint harðræði við handtöku af hálfu starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Fram kemur í kvörtuninni að viðhaft hafi verið harðræði við handtöku, sett hafi verið hné í bak hins handtekna og handjárn spennt óþarflega mikið.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 13. mars 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 21. júní 2024. Meðfylgjandi voru gögn málsins og upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af tilkynningunni er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintu harðræði við handtöku sem framkvæmd var af starfsmönnum embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Nefndin bendir á að fjöldi lögreglumanna var á vettvangi, líklega fimm til sex lögreglumenn. Sá sem verið var að hafa afskipti af var æstur en gestkomandi var að reyna að róa hann niður. Þegar hann kom út úr barnaherbergi hússins fóru aðstæður strax úr böndunum og var viðkomandi handtekinn. Hann sýndi mikinn mótþróa við handtöku en eins og glögglega sést á upptöku þá voru handjárn illa fest á hann og þannig að hinn handtekni fann til. Reynt var að laga handjárnin en það tók langan tíma miðað við þá stöðu sem hinn handtekni var í og kveinkaði hinn handtekni sér á meðan. Erfitt er að sjá hvort hné sé sett í bak hins handtekna en mikið gengur á við handtökuna en aðeins ein upptaka úr búkmyndavél var afhent nefndinni. Hinn handtekni sýndi ekki af sér fyrirmyndarhegðun hvorki við handtökuna né eftir hana. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku af vettvangi telur nefndin að vafi leiki á um það hvort uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því tilefni til að senda erindið áfram til héraðssaksóknara til þóknarlegrar meðferðar.

Niðurstaða

Erindið er sent til héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 8. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 23110004

Ákvörðun nr. 60/2024

Þann 15. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 60/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 13. nóvember 2023. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóra. Fram kemur í erindinu að lögreglumenn hafi birst á heimili hans með stórar byssur og skapað mikinn kvíða hjá heimilismönnum en þar býr kvartandi ásamt konu sinni og fimm börnum. Byssurnar hafi verið vel sýnilegar börnunum sem voru að búa sig undir að fara í skólann. Kvartandi var á leið út með ruslið þegar hann var dreginn niður tröppurnar á heimili sínu.

Kvartandi er af [REDACTED] uppruna og kveðst í gegnum tíðina hafa upplifað mismunun gagnvart fólki sem er ekki af íslenskum uppruna. Hann telur lögreglu hafa gengið harkalega fram og talið að hann væri hættulegur glæpamaður og koma ætti fram við hann sem slíkan.

Meðfylgjandi erindinu var upptaka úr öryggismyndavél heimilisins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og embætti Ríkislögreglustjóra þann 4. janúar 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Nefndinni barst bréf frá embætti Lögreglustjórannum á höfuðborgarsvæðinu dags. 5. janúar 2024 þar sem fram kom að embættið framsendi erindið til meðferðar hjá embætti ríkislögreglustjóra.

Í bréfi frá embætti ríkislögreglustjóra til nefndarinnar þann 23. janúar sl., kom fram að ekki hafi verið kveikt á búkmyndavélum þar sem sérsveitarmennirnir hafi aðeins verið utandyra og ekki farið inn í húsnæðið.

Nefndinni barst skýrsla vegna málsins frá LRH þann 25. júní sl., þar sem fram kemur að einn af meintum gerendum í alvarlegu ofbeldismáli væri skráður til heimilis að [REDACTED]. Í skýrslunni kemur þó ekkert fram um heimsókn lögreglu að [REDACTED]. Samkvæmt upplýsingum úr gögnum frá embætti ríkislögreglustjóra sem afhentar voru nefndinni þann [REDACTED] var ákveðið að fara að lögheimili mannsins til að leita að honum og því fóru þungvopnaðir sérsveitarmenn að [REDACTED] ásamt vopnuðum lögreglumönnum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögum og reglu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embætta Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Ríkislögreglustjóra.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Af upptöku úr öryggismyndavél kvartanda má sjá þegar vopnaðir sérsveitarmenn komu að heimili hans og kipptu í hönd hans og drógu hann niður tröppurnar. Þeir stóðu í dyragættinni og áttuðu sig fljótt á því að ekki var um að ræða heimili einstaklings sem tengdist því máli sem aðgerðin beindist að. Samkvæmt gögnum lögreglu hafði einn aðila ofbeldismáls haft skráð lögheimili í húsi kvartanda þegar aðgerðin átti sér stað en nefndin hefur ekki upplýsingar hvort viðkomandi hafði þar fasta búsetu eða ekki. Miðað við það sem fram kemur í gögnum lögreglu er það mat nefndarinnar að viðbragð lögreglu hafi verið í samræmi við tilefnið. Nefndin telur afar óheppilegt að fjölskyldan skuli hafa þurft að þola það að fá þungvopnaða sérsveitarmenn inn á lóð sína og í dyragættina svo sem fram kemur í kvörtuninni enda voru börn á heimilinu. Af myndum úr öryggiskerfi hússins má sjá nokkra sérsveitarmenn ganga vopnaðir upp heimreiðina á húsinu fyrir allra augum. Myndavélin greinir hreyfingu og tekur upp hljóð og tekur upp í nærmynd mynd að sérsveitarmönnum í dyragætt hússins.

Í þeim gögnum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu afhenti nefndinni er ekki að finna eina skýrslu af fjölskyldumeðlimum sem þurftu að þola þessa heimsókn lögreglu. Nefndin telur það aðfinnsluvert af hálfu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að ekkert sé getið um þessa heimsókn til fjölskyldunnar og að fjölskyldunni skuli ekki hafa verið boðin í það minnsta áfallahjálpar eða stuðningur eftir þessa heimsókn. Nefndin telur það brýnt að skrifuð sé lögregluskýrsla um heimsókn sem þessa og að tekin sé formleg skýrsla af eiganda hússins í það minnsta enda voru lögreglumenn með valdbeitingatæki uppi við, þ.e. skotvopn og höfðu sannanlega afskipti af fjölskyldunni.

Þá gagnrýnir nefndin sérsveit ríkislögreglustjóra fyrir að hafa ekki kveikt á búkmyndavélum þegar þeir fóru í þessa aðgerð. Nefndin bendir á að engin tími vinnst til að kveikja á búkmyndavélum ef sérsveitin þarf að láta reyna á þjálfun sína og til skotbardaga kemur og því telur nefndin svar ríkislögreglustjóra til nefndarinnar aðfinnsluvert. Það er mat nefndarinnar að það sé verulega ámælisvert og ekki hægt að verja það að vopnaðir lögreglumenn séu ekki með kveikt á búkmyndavélum þegar þeir fara í aðgerðir sem þessar. Þá er það í algjörrri andstöðu við það sem borgurum er kynnt með rafbyssur að ávallt skuli vera upptaka í gangi þegar þau verða notuð en ekki þegar skotvopn eru notuð.

Þá bendir nefndin á að ekki sé til neitt verklag hjá lögreglunni, hvorki ríkislögreglustjóra, né Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, hvernig skuli bregðast við þegar vopnuð lögregla fer í rangt hús og hittir fyrir einstaklinga sem lögreglan á ekkert erindi við.

Með vísan til 2. og 3. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 8. gr. 1. nr. 50/2021, telur nefnd um eftirlit með lögreglu rétt að beina þeim tilmælum í fyrsta lagi til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að skrifa lögregluskýrslur í tilvikum sem þessum. Í öðru lagi með vísan til sömu lagaheimilda telur nefndin rétt að beina þeim tilmælum til embættis Ríkislögreglustjóra að sérsveit embættisins verði ávallt með kveikt á búkmyndavélum í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

aðgerðum sínum. Sérsvaitin hefur innan sinna raða best þjálfuðu lögreglumenn landsins og eiga þeir að vera öllum lögreglumönnum til fyrirmyndar. Í þriðja og síðasta lagi er þeim tilmælum beint til ríkislögreglustjóra að settar verði í samvinnu við lögregluembætti landsins samræmdar verklagsreglur hvernig skuli bera sig að þegar vopnuð lögregla fer í rangt hús og hittir þar fyrir einstaklinga, fjölskyldur, sem lögreglan á ekkert erindi við.

Niðurstaða

Nefndin beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eftirleiðis að skrifa lögregluskýrslu um atvik sem þessi.

Nefndin beinir þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að sérsvaitin hafi kveikt á bókmyndavélum í aðgerðum sem þessum.

Nefndin beinir þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra, í samvinnu við lögreglustjóraembætti landsins, að settar verði samræmdar verklagsreglur um viðbrögð þegar vopnuð lögregla fer inn í rangt hús og hittir þar fyrir einstaklinga, fjölskyldur, sem lögreglan á ekkert erindi við.

Reykjavík, 15. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24010005

Ákvörðun nr. 61/2024

Þann 15. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 61/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED], dags. 9. janúar 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þegar afskipti voru höfð af kvartanda þann 1. janúar 2023. Fram kemur í erindinu að kvartandi hafi verið stöðvaður við akstur, grunaður um akstur undir áhrifum áfengis. Honum hafi verið kynnt réttarstaða sakbornings og hann var færður á lögreglustöð til að taka blóðsýni. Þegar taka átti blóðsýni úr honum hafi hann óskað ítrekað eftir að fá að ráðfæra sig við lögmann, en ekki hefði verið orðið við þeirri beiðni.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum hjá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra þann 16. janúar 2024.

Þá óskaði nefndin einnig eftir samantekt af skýrslutöku af vakthafandi lækni sem sá um blóðtöku hjá kvartanda í umrætt sinn, frá embætti héraðsaksóknara þann 30. október sl.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. október 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins. Umbeðin skýrsla frá embætti héraðssaksóknara barst nefndinni 31. október sl.

Embættið áréttar í svari sínu að það fresti ekki aðgerðum lögreglu eða sýnatöku að einstaklingur óski að ræða við lögmann.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögsmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögsmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi kvartanda er ljóst að kvartað er yfir starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Af yfirferð á gögnum málsins telur nefndin ljóst að kvartandi hafi hafnað tilnefningu verjanda við handtöku en síðan orðið ósamvinnuþýður þegar kom að framkvæmd blóðtökunnar og óskað ítrekað eftir lögmanni. Fram kemur í skýrslu lögreglu að töluverð átök hafi þurft til, til að ná stjórn á kvartanda og framkvæma blóðtökuna. Eftir framkvæmd hennar hafi kvartandi hins vegar róast og ákveðið var að láta hann lausan og honum ekið heim.

Af framangreindu telur nefndin ljóst að ekki hafi verið hægt að verða við beiðni kvartanda um að ræða við lögmann áður en til blóðtöku kom sökum hegðunar hans.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin óheppilegt að lögreglumenn á vettvangi hafi ekki borið búkmyndavélar við störf sín í umrætt sinn, sér í lagi þar sem til átaka hafi komið og

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

lögreglumenn þurft að grípa til valdbeitingar. Hins vegar telur nefndin að ekki verði séð af fyrirbyggjandi gögnum að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna þeirra afskipta sem höfð voru af kvartanda, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 15. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040003

Ákvörðun nr. 62/2024

Þann 15. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 62/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni f.h. [REDACTED] þann 11. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meintar ámælisverðar starfsaðferðir og starfshætti starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 4. apríl sl.

Af hálfu kvartanda er því lýst í kvörtun hennar að hún hafi verið að aka á bifreið móður sinnar norður [REDACTED] aðfarnótt 4. apríl sl., er svartri bifreið hafi verið ekið fyrir aftan hana. Hún hafi orðið hrædd, enda ekki gert sér grein fyrir því að um ómerkta lögreglubifreið væri að ræða og aukið hraðann til þess að hrista þá af sér, en hverfið hafi orð á sér að þar geti verið ofstopamenn eða viðsjárverðir aðilar á ferðinni. Hafi á þessu gengið í ca. 4-5 mínútur eða þangað til bifreiðin fyrir aftan hana hafi sett bláu ljósina á og gefið henni merki um að stöðva. Kvartandi telur að lögreglan hafi verið að reyna að veiða hana í gildru og beðið eftir því að hún myndi auka hraðann í þeim tilgangi að unnt væri að svipta hana ökuréttindum á staðnum.

Kvartandi vísar til þess að henni hafi ekki verið tilkynnt að hún væri handtekin, og því hafi ekki verið rétt staðið að málum. Þá hafni hún því að sannanir liggi fyrir því að bifreiðin hafi verið á 126 km/klst. hraða, enda geti bifreiðin einfaldlega ekki náð þeim hraða akandi í hringtorgum og upp í móti. Kvartandi vísar til þess að hún hafi engar ráðleggingar fengið um réttarstöðu sína. Lögreglumenn hafi gert gys að sóknaraðila og hlegið framan í hana (flissað). Þá telur hún augljóst að hún hafi verið látin gjalda fyrir húðlit sinn og hér hafi lögreglan gerst sek um kynþáttarfordóma.

Einnig kemur fram að ekki liggi fyrir nægar sannanir um ætlað brot hennar, þ.e. um að hafa ekið á 126 km. hraða. Þá hafi lögregla gerst sek um kynþáttafordóma á grundvelli húðlitar sóknaraðila, og gripið of seint inn í atburðarrásina.

Lögregla hafi ekki kynnt kvartanda með nægilegum hætti réttarstöðu sína, enda hafi henni ekki verið kynnt afleiðingar þess að játa sök eða samþykkja ekki að hún hefði ekið á 126 km/klst. hraða. Ekki hafi legið fyrir sönnunargögn um ökuleyfissviptinguna. Með þeirri sviptingu hafi kvartandi ekki bara verið svipt ökuréttindum heldur einnig atvinnu sinni.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá lögreglustjóranum höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 2. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 10. maí 2024. Meðfylgjandi voru gögn málsins og upptökur úr eye-witness kerfum lögreglubifreiðarinnar.

Úr bréfi embættisins til nefndarinnar:

„Vísast til meðfylgjandi málavaxtalýsingu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í máli [REDACTED] en kvartandi kærði ákvörðun lögreglustjóra um að svipta hana ökuréttindum til bráðabirgða og krafðist þess að ákvörðunin yrði felld úr gildi. Hafnaði dómurinn þeirri kröfu. Í hverri lögreglubifreið eru nettengdar spjaldtölvur sem lögreglumenn nota til að afla upplýsinga á vettvangi og var það gert í umrætt skipti.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mótmælir þeirri staðhæfingu kvartanda að lögregla hafi með ásetningi stofnað til lögbrots með því að „veiða kærðu á [REDACTED] bílnum í hraðagildru“.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Þeim þætti erindisins er lýtur að ákvörðun um ökuleyfissviptingu kvartanda er vísað frá nefndinni með vísan til 1. kafla.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum ámælisverðum starfsaðferðum og kynþáttafordómum af hálfu starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin telur að ekki séu uppi vísbendingar um ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur lögreglumenn á vettvangi hafa sýnt fagleg vinnubrögð og upplýst kvartanda vel um stöðu hennar. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Þeim þætti erindisins er lýtur að ákvörðun um ökuleyfissviptingu kvartanda er vísað frá.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 15. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040006

Ákvörðun nr. 63/2024

Þann 15. nóvember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 63/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 12. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af henni á heimili hennar að [REDACTED] aðfaranótt 12. apríl sl. Fram kemur að kvartandi hafi fengið óvænta heimsókn frá lögreglunni eftir innan við 5 mínútna háreysti á milli hennar og kærasta hennar sem hafi verið lokið þegar lögregla kom á vettvang. Þá kemur fram að hún hafi fengið óþægilegar spurningar frá lögreglu í heimsókninni og var einnig tjáð að tilkynning yrði send til barnaverndar vegna afskiptanna.

Þá er einnig kvartað yfir öðrum truflunum lögreglu á heimili kvartanda að ósekju vegna afskipta lögreglu af nágretta kvartanda.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 4. júní 2024. Meðfylgjandi var upptaka úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi vegna afskipta af kvartanda þann 12. apríl sl., ásamt dagbókarfærslu vegna afskiptanna.

Í svari embættisins kemur eftirfarandi fram um önnur afskipti af kvartanda:

„Ekki er að sjá að höfð hafi verið samskipti við kvartanda í því máli hvorki á upptökum úr búkmyndavélum né hefur það verið skráð. Beindist sú heimsókn lögreglu ekki að kvartanda.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku úr búkmyndavél telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 15. nóvember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24030002

Ákvörðun nr. 64/2024

Þann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 64/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst ábending frá embætti ríkislögreglustjóra, dags. 5. mars 2024, vegna fréttar sem birtist á [REDACTED] og fjallaði um tvo vopnaða sérsveitarmenn sem ruddust inn í bílskúr í [REDACTED]

Um aðgerðir sérsveitar ríkislögreglustjóra kemur eftirfarandi fram í fréttinni:

„Á dauða mínum átti ég von en að sjá tvo menn, gráa fyrir járnum, víkingarsveitarmenn með hriðskotabyssur á öxlunum, hrekja barnið mitt út úr bílskúrnum og skella á eftir honum, aldrei! Þeir fóru mikinn, voru með mikil læti og hröktu barnið mitt út úr bílskúrnum og ég verð að viðurkenna að þarna missti ég aðeins „cool-ið“, ég hækkaði eitthvað róminn en náði að rökræða við þá, sem leiddi til þess að annar þeirra fór í talstöðina og leyfi fékkst fyrir því að skrúfa dekkinn undir bílinn og sonur minn fékk að keyra bílinn í burtu. Ég náði að hafa betur í viðskiptum mínum við sérsveitina í þetta skiptið,“ segir [REDACTED]

„Þetta eru ekki einu viðskipti [REDACTED] við sérsveitina. „Þegar við komum í dag til að sækja hluti, þurfti sonur minn að pissa en eins og við vitum þá var [REDACTED] búinn að banna piss í heimaklósett, sonur minn labbaði því þá u.þ.b. 150 metra sem eru frá mínu húsi, að [REDACTED] þar sem salernin eru. Þegar hann nálgast mættu honum sérsveitarmenn, úr varð einhver rökræða en hann fékk á endanum að pissa og var svo skutlað heim í lögreglubíl, þessa heilu 150 metra. Svo þurfti ég að pissa líka og ákvað að gera það bara úti í garðinum hjá mér eftir hrakningar sonar míns en leið ekki vel að hafa dróna sveimandi yfir mér á meðan. Það var alveg sama hvert ég færði mig í garðinum, alltaf var dróninn beint yfir mér. Ég gat ekki hugsað mér að pissa í beinni útsendingu, hringdi í 112 og sagði viðkomandi frá stöðu minni, hvort einhver möguleiki væri að færa drónann frá mínu húsi rétt á meðan ég pissaði. Indæl stúlka sagðist gera það sem hún gæti en ekkert gerðist svo ég hringdi aftur. Þá var drónanum slakað niður en ég var varla búinn að klára þegar hann var kominn á loft aftur.“

Nefndin ákvað á fundi sínum þann 2. apríl 2024 að óska eftir frekari upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra og var það gert þann 4. nóvember 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Embætti ríkislögreglustjóra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 14. nóvember 2024. Meðfylgjandi voru tölvupóstssamskipti starfsmanna embættisins sem tengdum umræddum aðgerðum.

Í bréfi embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Verkefni sérsveitar vegna jarðhræringanna í og við [REDACTED] miðuðust fyrst og fremst við að aðstoða við almenna löggæslu og björgunarstörf auk almennrar aðstoðar til Almannavarna og því var ekki talin ástæða til þess að sérsveitarmenn bæru vopn við þessar aðstæður. Ákvörðun um það að sérsveit væri óvopnuð við störf sín var tekin þann 13. nóvember 2023 og tilkynnt hlutaðeigandi aðilum þann dag, sjá fylgiskjal 1.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögsmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í erindinu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefndin að ekki verði séð að uppi séu vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu í umrætt sinn, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24030004

Ákvörðun nr. 65/2024

Þann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 65/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi f [REDACTED], dags. 26. mars 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna tiltekins máls og aðdraganda þess.

Í fyrsta lagi er kvartandi ósátt við að lögregla hafi ekki handtekið banamann [REDACTED] í kjölfar líkamsárásar hans gagnvart öðrum nágretta í húsinu, þó full ástæða hafi verið til þess.

Í öðru lagi er kvartandi ósátt við að lögregla hafi ekki aðhafst neitt gagnvart banamanni [REDACTED] um miðjan dag þann [REDACTED] er nágrennar kölluðu til lögreglu til að fjarlægja banamanninn úr húsnæðinu.

Í þriðja lagi er kvartandi ósátt við að lögregla hafi ekki á neinum tímamarki haft samband við [REDACTED] og upplýst hann um stöðu mála og það alvarlega ástand sem ríkti í húsinu.

Í fjórða lagi er kvartandi ósátt við hvernig staðið var að því að tilkynna henni og [REDACTED] en aðeins var haft samband við [REDACTED] sem er orðinn [REDACTED]. Var umfjöllun um atvikið komin í fréttirnar áður en kvartandi og [REDACTED] fréttu af andlátinu. Sunnudaginn 5. júní fór kvartandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu til að reyna að fá upplýsingar eftir að hafa séð mikinn og ítrekaðan fréttáflutning er varðaði heimili [REDACTED]. Í þeirri heimsókn á lögreglustöð var þeim tilkynnt um andlátið og að verið væri að [REDACTED] [REDACTED]

Í fimmta lagi bendir kvartandi á að það hafi hvorki verið rætt við nágrenna og aðstandendur þeirra þó fullt tilefni hafi verið til þess og sé enn, í þeim tilgangi að upplýsa um vinnubrögð lögreglu í aðdraganda andlátsins.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans með bréfi dags. 1. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar sbr. 1. kafla er liðum 1.-3. og 5. kvörtunarinnar vísað frá nefndinni þar sem ekki fellur undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála og beitingu rannsóknarúrræða.

3.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar um frekari upplýsingar með bréfi dags. 6. september 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins er varða efni kvörtunarinnar. Þar á meðal dagbókarfærsla lögreglumannsins sem sá um að tilkynna andlátíð.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Hjá LRH er í gildi meðfylgjandi vinnulýsing nr. [REDACTED] um leiðbeiningar vegna andlátsmála. Af fenginni reynslu er það mat LRH að hafa þarf snör handtök í slíkum málum við að tilkynna aðstandendum um andlát. Lögregla leggur áherslu á að ná til aðstandenda áður en vitneskja um slíka atburði nær til fjölmiðla og/eða

samfélagsmiðla en lögregla er mjög oft í kappi við einstaklinga og/eða fjölmiðla sem setja slíkar upplýsingar á samfélagsmiðla áður en tekst að upplýsa nánustu aðstandendur.

Í umræddu máli var lögreglumaður [REDACTED] á bakvakt miðlægrar rannsóknardeildar, kallaður út að [REDACTED] Voru meðal fyrstu verka hans á vettvangi að kanna hverjir væru nánustu aðstandendur hins látna til að hægt væri að tilkynna um andlátíð sem fyrst. Naut hann til þess, aðstoðar lögreglumanna hjá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra. Í ljós komu upplýsingar um [REDACTED] og voru þá gerðar ráðstafanir til að tilkynna þeim um andlátíð sem allra fyrst.“

Í dagbókarfærslu kemur fram að varðstjóri á [REDACTED] hafi farið ásamt sóknarpresti að tilkynna andlátíð. Var það gert að beiðni rannsóknarlögreglumanns. Fyrst hafi verið rætt við [REDACTED].

4.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

5.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu má ráða að kvartað sé yfir starfsaðferðum starfsmanna embættisins Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Tilkynning til aðstandenda hafi verið í samræmi við verklagsreglur embættisins og telur nefndin því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Liðum 1.-3. og 5. í erindinu er vísað frá.

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040002

Ákvörðun nr. 66/2024

Þann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 66/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 4. apríl 2024. Í erindinu eru annars vegar gerðar athugasemdir við meintan skort á leiðbeiningum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Lögreglustjórans á Suðurnesjum, til kvartanda. En fram kemur að afskipti hafi verið höfð af kvartanda í þrígang vegna aksturs án þess að hafa ökuskírteini meðferðis og lögreglu hafi láðst í þau skipti að upplýsa kvartanda um að hægt væri að nálgast skírteinið rafrænt þar sem hann hafði glatað sínu.

Hins vegar gerir kvartandi athugasemdir við að starfsmaður embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi haft afskipti af kvartanda af sömu ástæðu og sektað kvartanda af þeirri ástæðu en leiðbeindi honum einnig um að hann gæti nálgast rafrænt ökuskírteini. Kvartandi heldur því einnig fram að lögreglumaðurinn hafi brotið af sér í starfi með því að hafa leyft honum að halda áfram akstri án ökuskírteinis í umrætt sinn.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embættum Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 1. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar um upplýsingar með bréfi dags. 10. maí 2024 þar sem fram kemur að hjá embættinu séu engin skráð afskipti af kvartanda á síðastliðnum árum.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 22. maí sl. Meðfylgjandi var vettvangsskýrsla vegna afskipta sem höfð voru af kvartanda þann 25. september 2023.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Fyrri athugasemd ■■■ lítur að því að starfsmenn lögreglu hafi ekki kynnt honum það sérstaklega að þar sem hann væri búinn að týna ökuskírteini sínu þyrfti hann að sækja um nýtt ökuskírteini.

LSS vill taka fram að það er á ábyrgð ökumanna að kunna skil á umferðarreglum. Þá er það einnig á ábyrgð allra ökumanna sem týna ökuskírteini sínu að afla sér nýs ökuskírteinis.

Seinni athugasemd ■■■ lítur að því að tilgreindur lögreglumaður LSS nr. ■■■ hafi þann 25. september 2023 í máli lögreglu [...] að mati JRM framið refsiverðan verknað með því að leyfa honum að halda áfram akstri bifreiðar eftir að lögregla hafði haft afskipti af ■■■ þar sem hann var að aka án þess að hafa ökuskírteini meðferðis.

LSS telur að hér sé um að ræða misskilning. ■■■ hafði ökuréttindi á þessum tíma og mátti því aka bifreið en honum bar þó að hafa ökuskírteini á sér sbr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Í umræddu máli hafði LSS afskipti af ■■■ og þar sem kom í ljós að hann hafði ekki ökuskírteini meðferðis, var hann kærður fyrir umferðarlagabrotið og leiðbent um að sækja um nýtt ökuskírteini sem allra fyrst. Einnig staðfestir meðfylgjandi skýrsla umrædds lögreglumanns framangreint.“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmeta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kærur vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu má ráða að kvartað sé yfir starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna embætta Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Lögreglustjórans á Suðurlandi.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu í umrædd skipti sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Þá liggur ekki við bann við áframhaldandi akstri við brot á 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040004

Ákvörðun nr. 67/2024

Þann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 67/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 9. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir starfsaðferðir starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 22. mars 2024. Eftirfarandi kemur fram í erindi kvartanda:

„Um kl. 20, föstudagskvöldið 22. mars sl. var ég á leið í suðurátt yfir gatnamótin á Kringlumýrarbraut og Miklubraut, á grænu ljósi. Það var ekki mikil umferð. Enginn var á undan mér á minni akrein. Ég var komin út á gatnamótin þegar ég sá að það kom lögreglubíll á ofsahraða úr austri. Jú, hann var með sírenurnar á og blikkandi blá ljós. Hann fór hratt yfir, var örugglega á yfir 150 km/klst og ég kom ekki auga á hann fyrr en úti á gatnamótunum. Ég steig á bremsuna af öllu afli svo það söng og hvein í henni og bílnum. Lögreglubíllinn þaut hjá fyrir framan mig. Ekki hafði verið dregið úr ferðinni þó bílstjórinn hlyti að hafa séð minn bíl sem er [REDACTED] og áberandi.“

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 27. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 3. september 2024. Meðfylgjandi voru verklagsreglur embættisins um akstur með forgangi.

Í bréfi embættisins kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Aðstoðaryfirlöggluþjónn fór yfir ýtarlega yfir kvörtun [REDACTED] og fann ekkert skráð sem átt gæti við um málið. Hann fór yfir erindið með starfsmönnum umferðardeildar og einnig upplýsti hann stöðvarstjóra lögreglustöðva um atvikið og bað um að það yrði skoðað og afgreitt gagnvart starfsmönnum.

Allar lögreglubifreiðar eru vaktaðar. Hægt að skoða 30 daga aftur í tímann feril tækja lögreglu s.k. ferilvöktun sem sýnir nákvæman hraða bifreiðarinnar og staðsetningu auk fleiri atriða. Þar sem yfirlöggluþjóni tókst ekki að finna út mögulegt atvik sem gat átt við kvörtun [REDACTED] var ekki hægt að kalla eftir ferilvöktun lögreglubifreiða er voru í akstri á þeim tíma. Farið hefur verið aftur og ítarlega yfir öll atvik dagsins og var einnig kannað með 21. og 23. mars. Kannað var með upptökum úr bifreiðum sem voru á ferli á þessum tíma og niðurstaðan er sú að engar upptökur eru til. Upptökur hefjast ekki sjálfkrafa nema um forgangsakstur sé að ræða á því stigi sem kallað er F1. Rætt var við lögreglumenn sem voru á ferðinni á þessum tíma á þessu svæði og niðurstaðan er sú að ekki finnst lögreglubifreið þetta gæti hafa átt við þennan dag á tímabilinu frá kl. 18-21.

Lögreglumenn fá sérstaka þjálfun í forgangsakstri og ber þeim að gæta sérstaklega að hraða við akstur á mótí rauðu eða gulu ljósi á umferðarljósum á gatnamótum. Skulu þeir þá draga svo mikið úr hraða að þeir geti tafarlaust stöðvað ökutæki sitt fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Það er því miður ekki hægt að varpa ljósi á atvik það sem [REDACTED] varð fyrir þar sem ekkert finnst skráð hjá lögreglu um slíkan akstur þennan dag..“

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [REDACTED] má ráða að kvartað sé yfir starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að embættið hafi farið yfir meint atvik með ítarlegum hætti án þess þó að geta varpað ljósi á atvik/aðstæður í umrætt sinn. Hefur nefndin því ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna málsins. Nefndin leggur til að upplýsingar um ferilvöktun lögreglubifreiða verði varðveittar lengur sé það mögulegt í samræmi við önnur gögn lögreglu eins og gögn úr bókmyndavélum.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040005

Ákvörðun nr. 68/2024

Þann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 68/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 11. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, framkomu þeirra og möguleg brot í starfi í tengslum við afskipti sem höfð voru af kvartanda í þrígang, á tímabilinu frá ágúst 2023 til apríl 2024.

Fyrsta atvikið átti sér stað í ágúst 2023. Kvartandi heldur því fram að starfsmenn embættisins hafi keyrt á eftir henni frá Akureyri og stoppað hana rétt áður en hún kom að [REDACTED]. Þar hafi verið á ferð tveir lögreglumenn og annar þeirra hafi haft vitneskju um mál er varðaði dóttur kvartanda og barnsföður hennar, sem lögreglan hafi ekki átt að hafa upplýsingar um.

Annað atvikið átti sér stað í febrúar 2024 þegar kvartandi var að fara með dóttur sína í leikskóla. Fram kemur að lögreglubifreið hafi verið lagt fyrir utan leikskólann og sami lögreglumaður og hafði stoppað hana í fyrsta skiptið hafi verið í bifreiðinni. Fyrir utan bifreiðina hafi barnsmóðir kærasta kvartanda staðið og spjallað við lögreglumanninn. Þegar kvartandi hafi ekið frá leikskólanum eftir að hafa komið barninu á leikskólann á umræddur lögreglumaður að hafa ekið á eftir kvartanda langa vegalengd.

Þriðja atvikið átti sér stað í apríl 2024 þegar kvartandi var stöðvuð við akstur eftir að hafa ekið dóttur sinni á leikskólann. Fram kemur að hún hafi verið látin blása í áfengismæli og tekin í fíkniefnapróf. Einnig að lögreglumaðurinn hafi verið mjög ógnandi, dónalegur og neitað að láta kvartanda fá lögreglunúmer sitt.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra með bréfi dags. 2. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar um upplýsingar með bréfi dags. 6. ágúst 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn er varða erindið ásamt upptökum úr búkmyndavél og eyewitness-kerfi lögreglubifreiðar vegna afskipta þann 8. apríl 2024.

Í svari embættisins kemur m.a. eftirfarandi fram:

Afskipti í ágúst 2023:

„Um er að ræða mál lögreglu nr. [...] frá 4. ágúst 2023, sem varðar akstur bifreiðar án þess að hafa endurnýjað ökuréttindi og var hér um ítrekunarbrott að ræða. Málinu var lokið með undirritun sektargerðar [...].“

Þá kemur einnig fram að fyrir liggi lögregluskýrsla vegna málsins þar sem gert er grein fyrir ástæðum þess að bifreiðin var stöðvuð.

Atvik í febrúar 2024:

Fram kemur að umræddur lögreglumaður hafi ekki verið starfandi við embættið á þeim tíma sem atvikið á að hafa gerst.

Afskipti í apríl 2024:

Fram kemur að lögregla hafi stöðvað kvartanda við umferðareftirlit og eru fyrirbyggjandi upptökur sem sýna samskipti lögreglu og kvartanda á vettvangi.

Þá hafnar embættið því alfarið að starfshættir og/eða framkoma starfsmanna lögreglu í umrædd skipti hafi verið óeðlileg.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaoýruggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Varðandi meint atvik í febrúar 2023 liggur fyrir að umræddur lögreglumaður var ekki lengur við störf hjá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Því tekur nefndin ekki afstöðu til þessa hluta kvörtunarinnar.

Samkvæmt gögnum málsins var kvartandi stöðvuð við umferðareftirlit bæði í ágúst 2023 og þann 8. apríl 2024. Engar upptökur eru til staðar vegna afskipta í ágúst 2023 en samkvæmt lögregluskýrslu gerðist kvartandi sek um að keyra án þess að hafa endurnýjað ökuréttindi sín. Ekki verður annað séð af skýrslu lögreglu en að farið hafi verið að öllum reglum í umrætt sinn. Í seinna skiptið var kvartandi stöðvuð við umferðareftirlit með það í huga að kanna ökuréttindi og ástand ökumanns. Samkvæmt 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ökumanni vélknúins ökutækis skylt að kröfu lögreglu að gangast undir öndunarpróf og láta í té svita- og munnvatnssýni með þeim hætti sem lögregla ákveður ef hann hefur verið stöðvaður við umferðareftirlit. Kvartandi reyndist ökufær. Lögreglumenn sýndu kvartanda kurteisi og nærgætni á vettvangi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, sér í lagi upptöku úr búkmyndavél vegna afskipta af kvartanda þann 8. apríl 2024 telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040007

Ákvörðun nr. 69/2024

Þann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 69/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 12. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfaðferðir starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fram kemur að starfsmenn lögreglu hafi ekki sinnt tilkynningum hennar til embættisins, þar sem hún tilkynnti m.a. ofbeldi gegn barni.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum með bréfi dags. 27. maí 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumáður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 12. ágúst 2024. Meðfylgjandi voru tvær bókanir vegna málsins ásamt afriti af tilkynningu til barnaverndar

██████████.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Samkvæmt gögnum málsins barst lögreglustjóranum á Suðurnesjum tilkynning í gegnum kærumóttöku þann 26. maí 2023 að kvartandi hyggðist leggja fram kæru f.h. dóttur sinnar. Er erindinu lýst ítarlega í dagbók lengri hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Í kjölfarið var ítrekað reynt að hafa samband við kvartanda af hálfu starfsmanns Lögreglustjórans á Suðurnesjum en án árangurs. Málinu var því breytt í tilkynningu. Samkvæmt 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 ber lögreglu skylda til að tilkynna barnavernd þegar lögregla fær tilkynningu skv. 16. gr. sömu laga. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tilkynnti Barnavernd ██████████ um tilkynningu kvartanda. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996 og að aðgerðir lögreglu hafi verið í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 24040008

Ákvörðun nr. 70/2024

Pann 13. desember 2024 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 70/2024.

Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED], dags. 18. apríl 2024. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint ítrekuð afskipti af kvartanda og áreiti að ástæðulausu frá tilteknum lögreglumanni hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin ár.

Nefndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 18. apríl 2024.

Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 23. apríl 2024. Meðfylgjandi voru öll gögn sem tengjast kvartanda frá árunum 2019-2024 ásamt upptökum úr búkmyndavélum vegna tveggja afskipta. En fjöldi skráðra mála hjá embættinu á tilgreindu tímabili sem kvartandi tengdist voru 33 talsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindinu er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsaðferðum starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindið og þau gögn sem bárust. Við skoðun á gögnum málsins virðist lögreglan hafa í fjölda tilvika hafa þurft að hafa afskipti af kvartanda. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um afskipti að ástæðulausu eða áreiti af hálfu nafngreinds lögreglumanns sem gæti falið í sér mögulega refsiverða eða ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur að þau afskipti lögreglu af kvartanda sem fram koma í meðfylgjandi gögnum hafi verið eðlileg, í tengslum við störf lögreglu og í samræmi við 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Niðurstaða

Ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2024

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir